

Bryndís Zoëga
Guðmundur St. Sigurðarson

Fornleifaskráning í Akrahreppi

Flatatunga og Sólheimar



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2011/116

Forsíðumynd: Varða í landi Flatatungu.



© Bryndís Zoëga og Guðmundur Stefán Sigurðarson
Bygðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2011/116

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGA.....	3
AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU	4
FLATATUNGA-SÖGUÁGRIP	5
FORNLEIFASKRÁNING	8
<i>Tungukot.....</i>	<i>21</i>
<i>Henglastaðir/Hinglastaðir.....</i>	<i>28</i>
<i>Tungusel/Flatatungusel.....</i>	<i>33</i>
<i>Fornasel.....</i>	<i>39</i>
<i>Tungusel á Tungudal.....</i>	<i>43</i>
SÓLHEIMAR - SÖGUÁGRIP	49
FORNLEIFASKRÁNING	52
<i>Fjallhús.....</i>	<i>64</i>
<i>Efri-Fjallhús.....</i>	<i>66</i>
SAMANTEKT	73
FORNLEIFAR Í FLATATUNGU	73
FORNLEIFAR Á SÓLHEIMUM.....	74
ÁHUGAVERÐAR MINJAR TIL RANNSÓKNA EÐA KYNNINGAR.....	75
HEIMILDASKRÁ.....	77

Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er fornleifaskráning jarðanna Sólheima (með Litlu-Sólheimum) og Flatatungu í Akrahreppi sem Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga vann að beiðni Akrahrepps árið 2010.

Árið 2007 gerðu Fornleifadeildin og hreppsnefnd Akrahrepps með sér samning um skipulagða fornleifaskráningu vegna skipulags hreppsins og hafa eftirfarandi jarðir verið skráðar: Stóru-Akrar, Flugumýri, Silfrastaðir, Úlfsstaðir, Kúskerpi, Djúpidalur, Torfimýri, Hjarðarhagi og Dýrfinnustaðir.

Vettvangsvinna fór fram í október 2010 og var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðings og Bryndísar Zoëga landfræðings sem jafnframt sá um skýrsluskrif.

Ábúendum Flatatungu og Sólheima þökkum við leyfi til skráningar og fyrir leiðsögn og veittar upplýsingar um byggingar og búshætti á jörðinni.

Heimildamenn: Gunnar Oddsson fyrrum bóndi í Flatatungu (f. 1934) Einar Gunnarsson bóndi í Flatatungu (f. 1966), Kári Gunnarsson, fæddur og alinn upp í Flatatungu (f. 1968). Sigurður Hansen frá Kringlumýri (f. 1938) en hann dvaldi um tíma á Sólheimum og kom þar oft.

Þess ber að geta að sögum jarðanna eru gerð skil í stuttu ágripi en vísað er í Byggðasögu Skagafjarðar IV. bindi fyrir þá sem hafa áhuga á að kynna sér þær betur.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Þjörgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Sólheimum númerið 1 (auðkennt Sólheimar - 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins en Fornleifavernd hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Sólheima - 1, 13040.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túna eða í nágrenni þeirra séu í einhverri hættu af völdum framkvæmda en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða þykir til að ætla að þær verði fyrir hnjaski. Hættumat kann að breytast síðar vegna framkvæmda eða annarra ástæðna sem ófyrirséðar voru þegar minjarnar voru skráðar. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vef stofnunarinnar: www.fornleifavernd.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagabyggðar. Upplýsingarnar voru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. byggingar sem mældar voru upp á túnakortum á fyrrihluta 20. aldar, eða minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 20m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Flatatunga-söguágríp



Mynd 1. Horft er heim að íbúðarhúsi Gunnars Oddssonar og Helgu Árnadóttur. Gamli bærinn stóð ofan við íbúðarhúsið.

Flatatungu er fyrst getið í Landnámabók og landnámsmaðurinn Kári Össurarson (Tungu-Kári) sagður hafa numið land milli Norðurár og Merkigils og búið í Flatatungu.¹ Jörðin var í bændaeign framanaft en varð eign Hóladómkirkju árið 1481 og nutu ekkjur biskupa afgang af jörðinni á 18. öld og kannski fyrr.² Hólastóll rak bú á Flatatungu um tíma og eru skrár til um það frá 1550-1572 en því hefur verið hætt einhvern tíma fyrir árið 1663.³ Jörðin var seld undan Hólastóli árið 1802 og hefur síðan verið í bændaeign og í eign sömu ættarinnar í rúm hundrað ár.⁴

Kirkju á Flatatungu er fyrst getið í Auðunarmáldaga 1318, helguð Guði og Pétri postula.⁵ Flatatungukirkja virðist hafa verið sóknarkirkja fyrir bæina á Kjálka, a.m.k. á 14. öld og fram á þá 16.⁶

¹ Landnáma 1946, 145.

² Byggðasaga Skagafjarðar IV, 463.

³ Byggðasaga Skagafjarðar IV, 465.

⁴ Byggðasaga Skagafjarðar IV, 464.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn II, 462-463.

⁶ Byggðasaga Skagafjarðar IV, 464-465.

Náttúrufar og jarðabætur

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadyrleiki	Landskuld	Kúgildi
Flatatunga	1686 ⁷	Hólastólseign	63 hndr og 80 álnir	3 hndr og 20 álnir	4
Flatatunga	1696 ⁸	Hólastólseign	60 hndr	3 hndr	6
Flatatunga	1713 ⁹	Hólastólseign	50 hndr (+10 hndr á Tungukoti)	2,5 hndr (Tungukot 60 álnir)	4 (Tungukot 2)
Flatatunga	1847 ¹⁰	Bændaeign	60 hndr (þar af Tungukot 10 hndr)	3 hndr	8
(mat hreppstjóra)	1847 ¹¹	-	60 hndr	-	-
Flatatunga	1861 ¹²	-	51,8 (m. Tungukoti)	-	-

Tungukot

Tungukots er fyrst getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem kom út árið 1713 og er jörðin þar sögð 10 hundruð af heimajörðinni.¹³ Tungukot fór undir Hólastól ásamt Flatatungu og var selt með henni aftur árið 1802. Eignarhald kotsins fór eftir það lengst af með Flatatungu með nokkrum undantekningum í einhver ár í senn.¹⁴ Hálf Tungukot var skipt úr heimajörðinni árið 1957 og er síðan 1/6 af Flatatungu, en engin landamerki eru á milli jarðanna.¹⁵ Jörðin fór í eyði árið 1974 og hefur verið nytjuð frá Flatatungu síðan.¹⁶

Henglastaðir

Henglastaða er getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 í umfjöllun um Flatatungu þar sem segir: „Hinglastaðir heitir hér í landinu og sjást þar byggingarmerki og túnstæði. Enginn minnst þar hafi nokkurn tíma byggð verið.“¹⁷ Búið var á Henglastöðum árin 1849-1853, en síðan hafa þar verið beitarhús frá Flatatungu.¹⁸

Sel

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fornar selstöður eru líklega á fjórum stöðum í Flatatungulandi, allar Norðurárdalsmegin. Fyrst skal telja Tungusel, nokkru hundruð metrum utan við Egilsána. [...] stendur þar fjárhúsbraggi [...]. Upp frá Tunguseli gengur Sellækur og hefur grafið sér nokkurt gil niður hlíðina. Ef gengið er upp framan við gilið er komi í víðan, grasi gróinn slakka [...] nærri efst í draginu eru tóftir Fornasels [...]. Tungusel annað er frammi á Tungudal, nánast beint á móti Egilsárseli [...] Grænatóft heitir á grasbakka upp af Norðuráreyrum. [...] Að öllum líkindum eru þetta seltóftir.“¹⁹ (BS IV: 472).

Skálinn í Flatatungu

Elstu heimildir um byggingar í Flatatungu eru úr Þórðar sögu hreðu þar sem greinir frá því að Þorgrímur bóndi í Flatatungu fær Þórð til þess að reisa fyrir sig skála „því að Þórður var

⁷ Björn Lárusson (1967), 254.

⁸ Björn Lárusson (1967), 254.

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 170.

¹⁰ Jarðatal á Íslandi, 265.

¹¹ Jarðatal á Íslandi, 265.

¹² Ný jarðabók, 104.

¹³ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 156.

¹⁴ Byggðasaga Skagafjarðar IV, 458.

¹⁵ Gunnar Oddsson, Flatatunga og Tungukot, 1.

¹⁶ Byggðasaga Skagafjarðar IV, 461.

¹⁷ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 157.

¹⁸ Byggðasaga Skagafjarðar IV, 474.


¹⁹ Byggðasaga Skagafjarðar IV, 472.

manna hagastur“. Síðar segir að skálinn hafi verið „furðu sterkt“ hús og hafi staðið fram til þess er Egill Eyjólfsson var biskup á Hólum²⁰ en hann gegndi því embætti frá 1331-1341.²¹

Flatatungufjalirnar

Á Þjóðminjasafni Íslands eru geymdar útskornar fjalir sem fundust á Bjarnastaðahlíð í Vesturdal og í Flatatungu og höfðu meðal annars verið notaðar sem árefti. Fjalirnar eru taldar vera frá 12. öld og vera hluti af býsanskri dómsdagsmynd úr kirkju þeirri er Jón Ögmundarson lét reisa á Hólum um 1106.²² Áður hafði verið talið að fjalirnar hefðu skreytt skálann²³ sem getið er um hér að framan.

Fyrir ítarlegri sögu er bent á Byggðasögu Skagafjarðar IV. bindi.



Mynd 2. Á myndinni er túnakort frá 1919, eftir Guðmund Sveinsson lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Á kortinu er gamli bærinn nr. 1, fjós nr. 2, skemma nr. 5, fjárhús nr. 7, 8, 21, 13, 14, 15, 16, 17 og 18. Hesthús nr. 4, nr. 19 og nr. 20. Kvíar nr. 9 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Flatatungu).

²⁰ Heimasíða Snerpu: <http://www.snerpa.is/net/isl/hredu.htm>.

²¹ Wikipedia. Frjálsa alfræðiritið. http://is.wikipedia.org/wiki/Egill_Eyj%C3%B3lfsson.

²² Heimasíða Þjóðminjasafns Íslands. http://www.thjodminjasafn.is/media/fraedsla/A_efsta_degi-verkefni.pdf.

²³ Byggðasaga Skagafjarðar IV, 469.

Fornleifaskráning



Mynd 3. Gamli bærinn á Flatatungu. Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Flatatunga -1

Sérheiti: Bæjarstæði

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Gamli bærinn í Flatatungu stóð ofan eða norðaustan við íbúðarhús Gunnars Oddssonar og Helgu Árnadóttur. Búið er að rífa bæinn en hnit voru tekinn eftir ábendingu Gunnars.

Lýsing

Við austurjaðar gamla bæjarstæðisins er garðlag eða veggjabrot sem er rúmlega 7m langt, 20-60sm hátt og

tæplega 1,5m á breidd þar sem það er breiðast. Veggurinn er ekki hluti af síðasta torfbæ í Flatatungu heldur af eldri byggingu og var sund á milli sem ætíð fylltist af vatni.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Núverandi íbúðarhús var reist 1949, rétt neðan við torfbæinn sem var rifinn fljótlega eftir það, eða sumarið 1950.“ (BS IV: 469). Um gamla bæjarstæðið segir í örnefnaskrá: „Harðstakkshóll kallaðist norðurhluti Upptúns frá Vallargarði að norðan og heim að Smiðjunni sem var torfhús skammt norðan við gamla bæinn sem nú hefur verið jafnaður við jörðu og nefnist nú Bæjarstæði þar sem hann stóð.“ (ÖGO: 9) Í úttekjum Akrahrepps frá 1881 og 1896 eru bæjarhús skráð: baðstofa, búrhús, eldhús, mjólkurkofí, eldiviðarkofí, göng frá bæjardyrum til bæjardyra, bæjardyr, skáli og stofa (Úttektarbækur fyrir Akrahrepp 1880-1896 og 1890-1911).

Flatatungufjalirnar

Þegar gamli bærinn var rifinn árið 1950 þá fundust fjórar útskornar fjalir, ein í skálalofninu en þrjár í súðinni í miðbaðstofunni (BS IV: 469). Árið 1987 fannst svo bútur í vegg í svonefndum Stórhúsum í Flatatungu sem reyndist vera úr altarissúlu (Munnleg heimild, Kári Gunnarsson 15.02.2011, Gagnasafns Morgunblaðsins: viðtal við Hörð Ágústsson (07.12.89).



Mynd 4. Fjósíð til hægri en umhverfis skemmuna eru veggir gamla torffjóssins.

Flatatunga –2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjós stendur enn um 35m SA af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu.

Lýsing

Þar var áður torfhús og standa veggir þess enn að hluta að austan, sunnan og vestan en bárujárnsbygging er byggð upp við fjóstöftina. Hæð veggja er frá 100-180sm og breidd mest um 3m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Vestur frá Stórhúsinu gekk Stórhúshóll niður að fjóshlöðunni

og fjósinu sem enn eru á sama stað.“ (ÖGO: 9). Fjósbyggingin sem nú stendur var samkvæmt fasteignaskrá reist árið 1945 (Heimasíða Þjóðskrár Íslands. Skoðuð þann 12.01.11). Húsin eru í dag nýtt sem fjárhús eða hesthús. Í úttektum Akrahrepps frá 1881 og 1896 er metið álag á fjós fyrir 8 kýr með einum kálfabási (Úttektarbækur fyrir Akrahrepp 1880-1896 og 1890-1911). Við framkvæmdir við gamla fjósið kom í ljós að á einhverjum tíma hafði vatni verið veitt úr bæjarlæknum og inn í fjós (Gunnar Oddsson, munnleg heimild, 10.02.2011).

Flatatunga –3

Sérheiti: Réttin

Hlutverk: Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamli bærinn stóð NA af íbúðarhúsinu á Flatatungu og sunnan undir honum var rétt.

Lýsing

Réttin er horfin eins og aðrar minjar á hólnum en hnit voru tekinn af hnitsettu túnakorti frá 1919. Það má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju á hnitum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Vestur frá Stórhúsinu gekk Stórhúshóll niður að fjóshlöðunni og fjósinu sem enn eru á sama stað. Sunnan undir gamlabænum var Réttin, allstór torfrétt [...]“ (ÖGO: 9).

Flatatunga -4

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1919 er merkt peningshús suður af bænum.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var hesthús suður af bænum (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.12) og milli þess og bæjar var Réttin (ÖGO:9). Hesthúsin eru horfin en punktur tekin af hnitsettu túnakorti sem lagt var yfir loftmynd. Gert er ráð fyrir að allt að 10m skekkja geti verið á hnitum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Sunnan undir gamlabænum var Réttin, allstór torfrétt og sunnan við réttina var Hesthúskofinn (4ra hesta hús). Breitt sund var á milli fjóssins og Hesthúskofans.“ (ÖGO: 9).

Flatatunga -5

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var smiðja norðan við bæinn (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Lýsing

Búið er að rífa smiðjuna eins og önnur hús á gamla bæjarstæðinu en punktur var tekinn eftir hnitsettu túnakorti frá 1919. Gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju á hnitum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Harðstakkshóll kallaðist norðurhluti Upptúns frá Vallargarði að norðan og heim að Smiðjunni sem var torfhús skammt norðan við gamla bæinn sem nú hefur verið jafnaður við jörðu og nefnist nú Bæjarstæði þar sem hann stóð.“ (ÖGO: 8).



Mynd 5. Túngarðurinn fyrir miðri mynd, horft er til suðvesturs.

umlukti túnið í Flatatungu, mikið mannvirki, þykkur víða og efnismikill. Innan hans voru nokkrir hektarar lands. Sjást hans víða enn glögg merki rofinn er hann að hluta að sunnan og neðan vegna ræktunar. Hann liggur utan við Harðstakk á ská fram og upp fyrir Stórhúsið, þar niður nokkuð langt fyrir sunnan Hólhúsið.“ (BS IV: 470). Ofan við íbúðarhúsið sem reist var 1999 var árið 2008 hlaðinn um 10m langur grjótveggur við innanverðan túngarðinn.

Flatatunga -6

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Túngarður er enn vel greinilegur á köflum í kringum túnið að norðan og vestan.

Lýsing

Garðlagið, sem er nánast algróið grasi, er alls 407m langt og á köflum vel stæðilegt. Það er minnst um 30sm hátt en mesta hæð þess er 130sm og breidd mest 3m.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Voldugur garður

Flatatunga -7

Sérheiti: Vikuverkshús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túnjaðrinum rétt um 230m VNV af eldra íbúðarhúsi í Flatatungu er fjárhústóft sem voru nefnd Vikuverkshús (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.12; Úttektarbækur fyrir Akrahrepp 1880-1896; ÖGO: 9).

Lýsing

Tóftin liggur innan túngarðs (nr. 6), samhliða honum, í stefnuna NA/SV og er 11x19m að utanmáli. Hlaða hefur verið til NA og innangengt úr fjárhúsi sem er með tveimur gördum. Tvennar dyr virðast hafa verið og snúa mót SV. Veggir eru grasi grónir en þó sér í grjóthleðslur. Þeir eru 30-100sm á hæð og mest rúmlega 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Úttúnið norður frá hlaðbrekkunni eða Varpanum kallast Vikuverk (fyrir einn mann að slá). Fjánhús-Vikuverkshússtóðu yst og neðst á sléttunni. Upp frá húsunum er Vikuverksbrekka og Vikuverkshóll frá brekkunni upp að götunni (það er gömlu heimreiðinni).“ (ÖGO: 9). Í úttektum Akrahrepps frá 1896 er metið álag á Vikuverkshús og hlöðu (Úttektarbækur fyrir Akrahrepp 1880-1896). Samkvæmt heimildamanni voru Vikuverkshúsin aðeins eitt hús en Oddur faðir heimildamanns byggði við þau. Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).



Flatatunga -8

Sérheiti: Harðstakkshús/Harðstakksfjánhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Nyrst í gamla túninu (sjá t.d. túnakort frá 1919) þar sem íbúðarhús Einars Gunnarssonar og Írisar Olgu Lúðvíksdóttur stendur í dag voru fjánhús sem nefnd voru Harðstakkshús (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10; ÖGO: 9; Úttektarbækur fyrir Akrahrepp 1880-1896). Íbúðarhús þeirra Einars og Írisar var reist árið 1999 (Heimasíða Þjóðskrár Íslands. Skoðuð þann 12.01.11).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Yst á Harðstakkshól voru 100 kinda fjánhús og hlaða við, kölluð Harðstakkshús.“ (ÖGO: 9). Í úttektum Akrahrepps frá 1896 er metið álag á Harðstakkshús (Úttektarbækur fyrir Akrahrepp 1880-1896). Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Flatatunga-9

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í svonefndu Kvíabóli sem var efsti hluti Upptúns (ÖGO: 8) tæpa 120m NA af gamla bæjarstæðinu er tóft, að líkindum af kvíum.

Lýsing

Tóftin snýr í stefnuna NNV/SSA og er um 6x20m að utanmáli. Tóftin virðist tví- eða þrískipt en innviðir hennar eru ógreinilegir og mögulegt að hrundir veggir myndi „falska“ veggj inn í tóftinni. Hæð veggja, sem eru grasi grónir, er frá 20-60sm og breidd mest um 2m. Hlið hefur að líkindum snúið til NA.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Kvíarnar voru nokkuð norðan við kofann [Kvíabólskofann] og norður frá þeim tóftarbrot.“ (ÖGO: 8).



Flatatunga -10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í svonefndu Kvíabóli sem var efsti hluti Upptúns (ÖGO: 8) tæpa 120m NA af gamla bæjarstæðinu er kvíatóft (nr. 9) og vestan við norðurenda hennar er önnur tóft sem fer að hluta undir kvíatóftina.

Lýsing

Tóftin snýr í NNV/SSA og er um 4x8m að utanmáli, tvískipt með dyr á nyrðra hólfi mót vestri. Tóftin er grasi gróin, veggir um 30sm háir, um metri á breidd og illgreinanlegir. (Sjá mynd hér að framan).

Flatatunga -11

Hlutverk: Kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í svonefndu Kvíabóli sem var efsti hluti Upptúns (ÖGO: 8) tæpa 120m NA af gamla bæjarstæðinu er kvíatóft (nr. 9) og við norðurenda hennar önnur tóft sem samkvæmt heimildamanni var kofi (munnleg heimild 27.10.10).

Lýsing

Tóftin er 7x9m að utanmáli og snýr NA/SV með hlið eða dyr mót SV. Veggir eru grasi grónir, 40-110sm háir og mest um 2,5m á breidd. Tóftin virðist yngri en tóftir nr. 9 og nr. 10. (Sjá mynd framar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Kvíarnar voru nokkuð norðan við kofann [Kvíabólskofann] og norður frá þeim tóftarbrot.“ (ÖGO: 8).

Flatatunga -12**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í svonefndu Kvíabóli sem var efsti hluti Upptúns (ÖGO: 8) tæpa 120m NA af gamla bæjarstæðinu er kvíatóft (nr. 9) og við SV horn hennar er tóft.

Lýsing

Tóftin er 7x8m að utanmáli með dyr mót norðvestri. Búið er að slétta yfir tóftina sem er algróin grasi en lágir veggir, 10-20sm háir, sjást í túninu, mest um 2m á breidd. (Sjá mynd framar í skýrslu).

Flatatunga -13**Sérheiti:** Kvíabólskofinn**Hlutverk:** Fjánhús**Tegund:** Tóft**Staðhættir**

Í aflíðandi brekku ofan við gamla bæjarstæðið, rúma 90m NA af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin liggur nálæga austur/vestur, 7x14m að utanmáli. Hlaðan snéri til austurs en fjánhús með garða til vesturs og dyr hafa snúið til sömu áttar. Innangengt hefur verið á milli fjárhúsa og hlöðu og sjást dyrnar enn og ná í gegnum millivegginn. Veggir eru minnst um 30sm á hæð en hæstur stendur veggur milli hlöðu og fjárhúss sem er um 2m á hæð, breidd veggja er mest um 2m. Í veggnum sem hæst stendur sést í torf og grjóthleðslur en í grjóthleðslur í öðrum veggjum og garða, að öðru leyti er tóftin grasi gróin. (Sjá mynd framar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Kvíaból var efsti hluti Upptúns. Þar var fjánhús – Kvíabólskofinn – 30 kinda fjánhús og hlaða við.“ (ÖGO: 8). Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).



Mynd 6. Á myndinni sjást Stórhúsin og rétt sem er austan við þau. Horft er til suðvesturs.

Flatatunga -14

Sérheiti: Stórhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Við túnjaðarinn um 90m austur af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr í stefnuna austur/vestur og er 11x20m að utanmáli. Hlaðan hefur verið til austurs en fjárhúsin til vesturs og eru norður og austurveggir þess ásamt hlöðuveggjum vel stæðilegir, mest um 2,5m á hæð, hlaðnir úr torfi og grjóti og sér vel í hleðslur en tóftin að öðru leyti gróin grasi og mosa. Veggir eru 40-250sm háir og mest um 2m á breidd. Boghlaðnar dyr eru á milli fjárhúss og hlöðu og standa vel.

Aðrar upplýsingar

Stórhús voru um 50 kinda hús með hlöðu og eru veggirnir taldir að hluta til frá því um 1840 en húsin voru í notkun fram yfir 1960 og hýstu síðast hross. Hlaðan var talin taka 120 hestburði af heyi. (BS IV: 467). Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).



Flatatunga -15

Sérheiti: Stórhúskofi

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Við túnjaðarinn um 90m austur af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu er fjárhústóft (nr. 14) og sunnan hennar önnur fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur vestur og er 8x16m að utanmáli, hlaða til austurs og fjárhús með garða til vesturs og dyr hafa snúið til sömu áttar. Hæð

veggja er frá 30-60sm en þeir eru lægstir fremst á suður langvegg sem er á kafla nokkuð illa farinn. Tóftin er grasi gróin en sér í grjóthleðslur í veggjum, einkum að vestan. Mesta breidd veggja er um 2m. (Sjá mynd hér að framan).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Vallargarðurinn lá suður túnið, vestast í þúfunum og síðan nokkuð til austurs fyrir ofan tvö fjárhús – Stórhús og Stórhúskofa. Hlöður voru við bæði húsin. Nokkuð sunnan við Stórhúskofann rann Bæjarlækurinn niður í gegnum túnið [...]“ (ÖGO: 9). Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Flatatunga -16

Sérheiti: Efrahús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Rúmlega 100m SA af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu er fjárhús þar sem áður stóðu svonefnd Efrihús.

Lýsing

Búið er að rífa Efrihús og sjást engar leifar þeirra en punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti frá 1919.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Suðurtún var sunnan við bæjarlækinn, þar voru tvö fjárhús, Hólhús og Efrahús. Tóftir sjást vel eftir Hólhúsið en Efrahúsið er horfið og stendur þar nú Lambabragginn sem er fjárhús.“ (ÖGO: 9). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Uppúr 1840 fór hann [Gísli Stefánsson] að byggja upp jörðina, gerði það sem fátítt var, að hann lét reisa hlöðu við öll fjárhúsin á túninu, níu að tölu, auk þess fjóshlöðu og hlöðu við beitarhúsin frammi á Tunguseli.“ (BS IV: 467). Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Flatatunga -17

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir


Á túnakorti frá 1919 má sjá að peningshús hefur verið á milli svonefndra Efrihúsa (nr. 16) og Hólhúsa (nr. 18), rúmlega 100m SA af bæ.

Lýsing

Húsin eru horfin og sjást ekki á yfirborði og samkvæmt heimildamanni voru húsin horfin fyrir hans tíð (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10). Punktur var tekin af hnitsettu túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).



Flatatunga -18

Sérheiti: Hólhús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í aflíðandi brekku tæpa 90m SSA af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr í ANA/VSV og er 8x24m að utanmáli. Hlaða hefur verið til ANA en fjárhúsin með garða hafa snúið til VSV og hafa dyr að líkindum snúið til sömu áttar en

hrunið er í dyraopið. Steypt plata hefur verið á garðanum og steypt fjárbað í húsunum en þau að öðru leyti hlaðin úr torfi og grjóti. Það sér í grjóthleðslur í SA vegg fjárhúsanna og þar sem rof er í vegg sér í torfhleðslu að öðru leyti er tóftin grasi gróin. Veggir eru lægstir um 10sm en 80sm þar sem þeir eru hæstir, mesta breidd er um 2m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Suðurtún var sunnan við bæjarlækinn, þar voru tvö fjárhús, Hólhús og Efrahús. Tóftir sjást vel eftir Hólhúsið en Efrahúsið er horfið og stendur þar nú Lambabragginn sem er fjárhús.“ (ÖGO: 9). Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).



Mynd 7. Horft framan á reykkofann þar sem áður var hesthús (nr. 19)

reykkofi. Grjót og torfhleðslur sjást í veggjum sem eru 10-180sm háir og mest um 2m á breidd.

Flatatunga -19

Sérheiti: Brekkukot

Hlutverk: Hesthús, reykkofi

Tegund: Tóft, hús

Staðhættir

Um 100m SSV af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu er hesthústóft sem í dag er notuð sem reykkofi.

Lýsing

Tóftin snýr NA/SV og er 7x20m að utanmáli. Hlaðan hefur verið til NA, lág tóft en hluti torfhlaðins veggjar stendur enn vel og er um 180sm á hæð. Hesthúsið sjálft hefur verið til SV og stendur enn en er í dag notað sem

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Neðst á Suðurtúninu var hesthús allstórt og hlaða við. Helmingur hússins stendur enn, notað sem reykhus og nefnist Brekkukot“ (ÖGO: 9). Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Flatatunga -20

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tæplega 180m VSV af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu var hesthús þar sem nú er eru fjárhús sem reist voru árið 2010 (Heimasíða Þjóðskrár Íslands. Skoðuð 13.01.11).

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var löngu búið að slétta yfir tóftirnar (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10). Punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti frá 1919 og gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Hólar nefnist neðsti hluti túnsins. Á Hólunum voru tvö hús; sauðahús og stórt hesthús (20 hesta hús). Bæði þessi hús eru löngu fallin og tóftir sléttaðar.“ (ÖGO: 9). Í úttektum Akrahrepps frá 1896 er metið álag á „Stórt hesthús niður á velli“ og hlöðu (Úttektarbækur fyrir Akrahrepp 1880-1896). Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Flatatunga -21

Hlutverk: Sauðahús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Rúma 200m vestur af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu, neðst og vestast í gamla túninu voru sauðahús samkvæmt heimildamanni (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Lýsing

Búið er að slétta yfir tóftirnar og sér ekkert eftir af þeim. Punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti frá 1919 og gera má ráð fyrir allt að 10m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Hólar nefnist neðsti hluti túnsins. Á Hólunum voru tvö hús; sauðahús og stórt hesthús (20 hesta hús). Bæði þessi hús eru löngu fallin og tóftir sléttaðar.“ (ÖGO: 9). Í úttektum Akrahrepps frá 1896 er metið álag á sauðahús og hlöðu niður á túni (Úttektarbækur fyrir Akrahrepp 1880-1896). Hlöður voru við öll hús sem Gísli Stefánsson lét hlaða og voru flestar þeirra hlaðnar á árunum 1820-30 (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Flatatunga -22

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Heimreiðargatan er greinileg til norðvestur frá íbúðarhúsi Gunnars og Helgu og beygir síðan til norðurs við túngarðinn vestan við íbúðarhús þeirra Einars og Írisar Olgu og endar við núverandi heimreið alls 370m á lengd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Upptún kallaðist sá hluti túnsins sem lá ofan (austan) heimreiðar sem jafnframt var reiðvegur og síðar akvegur og lá um hlað og suðaustur úr túninu og fram Hálsinn sem áður var nefndur.“ (ÖGO: 8).

Flatatunga -23

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tæplega 70m suður af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu, við eldri farveg bæjarlækjarins var brunnur.

Lýsing

Búið er að fylla upp í brunninn er punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 10.02.11).

Aðrar upplýsingar

Í úttektum Akrahrepps frá 1896 er getið um brunn með vindu (Úttektarbækur fyrir Akrahrepp 1880-1896).



Mynd 8. Horft til NNA í átt að matjurtagarðinum (nr. 24).

Flatatunga -24

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Um 220m NA af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu eru garðlög sunnan í melum ofan við túnið.

Lýsing

Garðlagið er 30-100sm hátt og 11x50m að utanmáli, grasi gróið en sér í einstaka stein í veggjum. Breidd er mest um 100sm. Garðlagið snýr í NA/SV og á kafla til SA virðist það vera tvöfalt eða veggir hrundir þannig að þeir myndi auka vegg.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Melar eru samfelldir sunnan við Sundið, en sunnan í þeim melum voru kartöflugarðar og túnslétta (nýrækt) þar suður af.“ (ÖGO: 3). Á túnakorti frá 1919 eru matjurtagarðar sagðir 220 flatarstíkur en eru ekki teiknaðir inná kortið sjálft.

Flatatunga -25

Sérheiti: Ullarhóll

Hlutverk: Þurrkvöllur

Tegund: Hóll

Staðhættir

Ullarhóll er austur af gamla túninu í Flatatungu, 150-200m ANA af eldra íbúðarhúsinu.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var ullin þvegin í svonefndu Ullarsíki og ullin flutt þaðan á Ullarhól þar sem breitt var úr henni og hún þurrkuð. Þetta var gert fram um miðja 20. öld og tók heimildamaður þátt í þessum verkum sem barn (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 11.02.11). Punktur var tekinn á hólnum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Melar eru samfelldir sunnan við Sundið, en sunnan í þeim melum voru kartöflugarðar og túnsléttu (nýrækt) þar suður af. Fyrir ofan þennan túnblett er Háimelur en sunnan við sléttuna er Ullarhóll, þar var ull þurrkuð (en ekki á Ullarkletti). Sundið sem áður er getið er blautt og vatnsrennsli oft mikið vestur Sundið.“ (ÖGO: 3).

Flatatunga -26

Hlutverk: Óþekkt, mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Við túngarðinn innanverðan, rúma 240m VNV af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu og 27m SV af tóft svonefndra Vikuverkshúsa (nr. 7) er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er 50-100sm djúpur og 8x11m að utanmáli.



Mynd 9. Kárasteinn, horft er til ASA heim að bæ.

Flatatunga -27

Sérheiti: Kárasteinn/Flati

Hlutverk:

Þjóðtrú/Legstaður

Tegund: Náttúruminjar

Staðhættir

Kárasteinn er í túni 25m suður af tóft Vikuverkshúsa (nr. 7) og rúmlega 210m VNV af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu.


Lýsing

Í Byggðasögu Skagafjarðar er steininum svo lýst: „Steinninn er flatur og stendur lítið eitt upp úr jörðu með jarðvegskápu ofan á. Sagan segir að undir honum liggja bein Kára Össurarsonar

landnámsmanns og er aldeilis forboðið að hrófla við steininum.“ (BS IV: 467).

Aðrar upplýsingar

Sögn um slysfarir sem settar voru í samhengi við rask hjá steininum er að finna í Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 466-467). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar frá 1940, sem höfð var eftir Jósepi Jósepssyni sem bjó á Tungukoti 1922-1930 segir: „Utarlega og neðarlega í túninu [á Flatatungu] er þó flatur steinn, kallaður Flati. Mælt er, að þar sé fornt leiði og eigi sá, er undir steinum hvílir, að hafa heitið Flati, en hitt er þó miklu líklegra, að af lögun steinsins sé nafnið dregið.“ (ÖJJ: 1).



Mynd 10. Á myndinni er horft til norðausturs heim að bæ. Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Flatatunga -28

Hlutverk:

Öskuhóll

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Gunnars

Oddssonar segir:

„Austur frá

Hesthúskofanum var

60-70 metra langur

sléttur hóll, allhár og

nefndist Hryggur.

Hryggnum var ýtt út

þegar Upptúnið var

sléttað og reyndist

gamall öskuhaugur

[...]“ (ÖGO: 9).

Lýsing

Eins og segir í

örnefnaskrá er búið að

ýta hólnum út en hnit voru tekin samkvæmt lýsingu heimildamanns (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 18.01.11).

Flatatunga -29

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Heimild

Staðhættir

Sumarið 2010 kom Kári Gunnarsson niður á annan öskuhaug, sem búið var að slétta, rúma

10m V af fjósinu og tæpa 40m SA af íbúðarhúsinu (munnleg heimild 18.01.11).

Lýsing

Búið er að ýta hólnum út en hnit voru tekin samkvæmt lýsingu heimildamanns.

Flatatunga -30

Sérheiti: Hádegisvarða

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á hæð Hádegisvörðuhæð (ÖGO: 2) 370m SA af íbúðarhúsi Gunnars og Helgu er varða.

Lýsing


Hæðin er lítt gróin og efni hefur verið tekið úr henni að vestan. Varðan er um 30sm há að hluta hrunin, 80x90sm að grunnmáli.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Á milli Smalhóls og Heiðarskarðs og norður að Hádegisvörðuhæð eru vallendis- og lyngmóar, og nefnast Heiðarskarðsmóar. [...]

Hádegisvörðulækur, allmikil uppspretta, fellur vestur úr Hádegisvörðu og norður mýrarsund, Hádegisvörðusund, til Boggulágar.“ (ÖGO: 2).

Tungukot



Mynd 11. Á myndinni er túnakort frá 1919, eftir Guðmund Sveinsson lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Á kortinu er gamli bærinn nr. 31, fjós nr. 32, fjárhús nr. 36, hesthús nr. 33 og nr. 35. (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Flatatungu).

Flatatunga -31

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft, hús

Staðhættir

Tungukot er NV af Flatatungu og standa leifar gamla bæjarins enn að hluta, 13m austur af gamla íbúðarhúsinu (b. 1938) í Tungukoti.

Lýsing

Í Byggðasögu Skagafjarðar kemur fram að framhluta torfbæjarins hafi verið breytt í fjós og geymslu „sem enn hangir uppi 2007“ (BS IV: 460). Þetta eru þrjú samliggjandi hús sem hvert um sig liggur norður/suður og eru dyr á milli þeirra. Þak er á vestustu byggingunni sem er að mestu úr timbri en á hinum tveimur, sem eru úr torfi og grjóti, er þak fallið. Timbur úr húsgrind og timbur og bárujárn af þaki liggja í tóftinni. Utanmál er 15x16m og mesta hæð og breidd veggja eru 2m.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torfbærinn stóð skammt ofan við það [eldra íbúðarhús á Tungukoti] og var framhluta hans breytt í fjós og geymslu sem enn hangir uppi 2007.“ (BS IV: 460).

Flatatunga -32

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft, hús

Staðhættir

Tungukot er NV af Flatatungu og standa leifar gamla bæjarins enn að hluta, 13m austur af gamla íbúðarhúsinu (b. 1938) í Tungukoti.

Lýsing

Við gamla bæinn var fjós, líklega það útihús sem merkt er við bæinn á túnakorti frá 1919. Sjá nánar lýsingu bæjarins nr. 31.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Torfbærinn stóð skammt ofan við það [eldra íbúðarhús á Tungukoti] og var framhluta hans breytt í fjós og geymslu sem enn hangir uppi 2007.“ (BS IV: 460).

Flatatunga -33

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir


Tæplega 90m NV af gamla bænum er tóft sem samkvæmt heimildamanni var hesthús (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Lýsing

Tóftin snýr NA/SV og er 7x11m að utanmáli. Hlaða eða heytóft hefur verið til NA og innangengt í hesthúsið og eru dyr á því til SV. Veggir eru 60-160sm háir og standa grjóthleðslur vel og torfhleðslur eru ofan á þeim misheillegar þó. Þak er fallið og liggur í tóftinni ásamt grindar- og þakviðum. Breidd veggja er mest um 2m.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hesthúsið var utan við bæ og Hesthússlétta þar við.“ (BS IV: 460).



Flatatunga -34

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Hóll

Staðhættir

Á milli hesthústóftar nr. 33 og hóls nr. 35 þar sem hesthús stóðu áður er annar hóll og á honum stór steinn.

Lýsing

Engin veggjalög sáust á hólnum en töluverð sina var á honum þegar skráning fór fram. Líklegt virðist að eitthvert mannvirki hafi verið á honum sem nú er horfið af yfirborði þó slíkt verði ekki fullyrnt nema með frekari rannsókn.



Flatatunga -35

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Hóll

Staðhættir

Rúma 40m ANA af hesthústóft nr. 33 stóð annað hesthús samkvæmt heimildamanni (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Lýsing

Búið er að rífa hesthúsið en 7x12m hólbunga er þar sem húsin stóðu áður. Þau voru síðast notuð sem hrútakofi en ekki hefur verið haft fé þar síðan 1950.

Flatatunga -36

Sérheiti: Hólhús

Hlutverk: Fjánhús


Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Nýtt íbúðarhúsnæði var reist á Tungukoti 1994 (Heimasíða Þjóðskrár Íslands. Skoðuð 13.01.11) þar sem áður höfðu staðið fjánhús sem nefndust Hólhús (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Aðalfjánhús jarðarinnar kölluðust Hólhús og voru þar sem sumarhúsið stendur. Þau voru ekki hlið við hlið heldur sneru norður og suður og var heytóft á milli þeirra.“ (BS IV: 460).



Flatatunga -37

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 100m NA af gamla bænum í Tungukoti og 30m vestan við heimreiðina heim að Flatatungu er heilleg fjárhústóft. Sjá lýsingu Kvíhúsanna nr. 38.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni lá kvíatóftin út og suður og við þau voru byggð Kvíhúsin (nr. 38) og kvíarnar

eftir það notaðar sem heytóft (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ofan við bæinn rís hár hóll, kallaður Háihóll ef hann annars hét nokkuð. Sunnan og ofan við hann var kvíabólið og þar stendur enn torfhús sem byggt var ofan í kvíabólið og kallaðist Kvíhús. Það byggði Björn Björnsson í Borgargerði með Þorsteini bónda.“ (BS IV: 460).

Flatatunga -38

Sérheiti: Kvíhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft, hús

Staðhættir

Tæplega 100m NA af gamla bænum í Tungukoti og 30m vestan við heimreiðina heim að Flatatungu er heilleg fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin er 9x15m að utanmáli og snýr ANA/VSV. Grjóthlaðnir veggir standa ágætlega og eru 100-120sm háir og þak og húsgrind hanga enn uppi að nokkru leyti, klætt bárujárn en torf ofan á. Heytóft er til norðausturs og var notast við kvíar sem stóðu þar áður en fjárhúsin voru byggð.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ofan við bæinn rís hár hóll, kallaður Háihóll ef hann annars hét nokkuð. Sunnan og ofan við hann var kvíabólið og þar stendur enn torfhús sem byggt var ofan í kvíabólið og kallaðist Kvíhús. Það byggði Björn Björnsson í Borgargerði með Þorsteini bónda.“ (BS IV: 460).

Flatatunga -39

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Rúmlega 15m SV af Kvíhúsunum (nr. 37) er garðlag.

Lýsing

Garðlagið er 14x20m að utanmáli, grasi gróið, 40-110sm á hæð og 100-150sm á breidd. Óvíst er hvort það er hlaðið eða hvort því hefur verið rutt upp utan um matjurtagarð.

Flatatunga -40

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Ofan við bæinn á Tungukoti er hár hóll (stundum nefndur Háihóll: BS IV: 460). Niður af hólnum norðanverðum liggur túngarðsbrot.

Lýsing

Garðlagið er alls 27m á lengd og liggur frá vestri upp á hólninn og beygir til suðurs við endann. Það er grasi gróið 40-80sm hátt og mest um 3m á breidd.

Flatatunga -41

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Rúmlega 12m norðan við yngra íbúðarhúsið á Tungukoti er garðlag sem liggur í vinkel frá suðaustri til norðvesturs og síðan til suðvesturs. Það er um 50m langt vel stæðilegt og grasi gróið. Vegg hæð er frá 20-100sm og breidd mest um 2m.

Lýsing

Garðlagið er alls 27m á lengd og liggur frá vestri upp á hólninn og beygir til suðurs við endann. Það er grasi gróið 40-80sm hátt og mest um 3m á breidd.

Flatatunga - 42

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Vegslóði

Staðhættir og lýsing

Heimreiðin heim að Tungukoti lá til norðausturs frá bænum þar sem akfær vegur var síðar (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10) og heimreiðin því horfin undir hann. Leiðin sem var að hluta skráð af loftmynd og af hluta á vettvangi er alls um 130m löng og mest rúmlega 3m á breidd.

Flatatunga -43

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tæplega 60m norðvestur af gamla íbúðarhúsinu í Tungukoti var vatnsból.

Lýsing

Búið er að grafa skurð að vatnsbólínu en punktur var tekinn af loftmynd eftir ábendingu heimildamanna (Munnleg heimild, Einar Gunnarsson og Gunnar Oddsson 10.02.11).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vatnsbólið var í uppsprettu í mýrinni en einnig var um 20 gráðu heit laug og úr henni borið vatn í bæ og fjós. Á henni ber nú lítið því grafinn var upp í hana skurður.“ (BS IV: 460).

Flatatunga -44

Sérheiti: Tungukot

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Heimild

Staðhættir

Um 50m vestur af íbúðarhúsinu í Tungukoti var volg laug.

Lýsing

Búið er að grafa skurð upp í laugina en punktur var tekinn af loftmynd eftir ábendingu heimildamanna (Munnleg heimild, Einar Gunnarsson og Gunnar Oddsson 10.02.11).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vatnsbólið var í uppsprettu í mýrinni en einnig var um 20 gráðu heit laug og úr henni borið vatn í bæ og fjós. Á henni ber nú lítið því grafinn var upp í hana skurður.“ (BS IV: 460).

Flatatunga - 45

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á stökum grónum melhól tæplega 320m suðvestur af gamla bænum á Tungukoti er hleðsla.

Lýsing

Hleðslan samanstendur af nokkrum sémilega stórum steinum og er um 20-30sm há. Grasi og mosa gróið er umhverfis hleðsluna.



Flatatunga -46

Sérheiti: Tungukotsstekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 500m NV af gamla bænum í Tungukoti og 220m vestur af veginum fram Kjálka er stekkjartóft

Lýsing

Tóftin liggur vestur undir bakka, líklega gömlum árbakka Héraðsvatna, í stefnuna norður/suður. Hún er 9x12m að utamáli, tvískipt og er innangengt á milli hólfa en hlið hefur verið norðarlega á vestur langvegg. Rétt virðist vera til norðurs og lambakró til suðurs. Tóftin er grjóthlaðin, og sér vel í grjót í veggjum en tóftin að öðru leyti gróin grasi og mosa. Veggjahæð er 20-60sm og mesta breidd veggja er um 2m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddsonar segir: „Tungustekkur er neðan við Löngubrekku

norðarlega.“ (ÖGO: 3). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Tungukotsstekkur [...] grjót-hlaðinn er út og niður frá bænum, undir Löngubrekku. Var hann notaður til innreksturs fyrir hross fram yfir 1940.“ (BS IV: 460).

Flatatunga -47

Hlutverk: Fráveita


Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Rúmlega 60m norður af Tungukotsstekk er 35m langur handgrafinn skurður.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var grafinn þarna skurður til þess að veita frá vatni (Munnleg heimild, Gunnar Oddsson, 10.02.11).



Flatatunga -48

Hlutverk: Óþekkt, rétt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 920m VSV af Flatatungukoti í grónum árfarvegi milli þjóðvegur og Héraðsvatna er tóft.

Lýsing


Tóftin er þrískipt, 20x22m að utanmáli. Í SA horni eru tvö lítil hól, hugsanlega stekkjartóft, 7x11m að utanmáli. Veggir liggja að mögulegri stekkjartóft úr vestri og norðri og virðast mynda rétt eða aðrekstrargarða til þess að auðvelda rekstur í stekkin. Þýft er í NV horni tóftar og engir veggir greinanlegir. Hæð veggja er frá 30-80sm og mesta breidd þeirra er 2m.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í flatlendinu langt út og niður frá Tungukoti eru nafnlausar tóftir [...] í breiðu grasdragi suður og upp af Herpistanga, sérkennileg mannvirki sem erfitt er að átta sig á, leiðigarðar og einhvers konar

bygging þar í. Líklegast er þetta stekkur, tvíhólfa en aðhaldsgarðar til innreksturs.“ (BS IV: 471).

Henglastaðir/Hinglastaðir



Flatatunga -49

Sérheiti: Henglastaðir/Hinglastaðir

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Leifar býlisins Henglastaða er um 180m norður af merkjum milli Flatatungu og Tyrfingsstaða, rúmlega 1800m SSA af bæ á Flatatungu.

Lýsing

Túngarður er enn greinilegur austan við túnið á Henglastöðum en aðrar minjar fundust ekki við skráningu sumarið 2010. Staðsetning var hnitsett eftir heimildum úr Byggðasögu Skagafjarðar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar IV segir: Henglastaðir [...] eru fornt hjáleigubýli syðst í landi Flatatungu, suður undir landamerkjum Tyrfingsstaða. Í Jarðabókinni 1713 segir undir Flatatungu: „Hinglastaðir heitir hér í landinu og sjást þar byggingar merki og túnstæði. Engin minnst þar hafi nokkurn tíma byggð verið. Um miðja 19. öld var

býlið endurbyggt og reistir bæjarkofar.“ (BS IV: 474-475). Á árunum 1849-1853 var búið á Henglastöðum (BS IV: 474).

Flatatunga -50

Sérheiti: Henglastaðir

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Leifar býlisins Henglastaða er um 180m norður af merkjum milli Flatatungu og Tyrfingsstaða, rúmlega 1800m SSA af bæ á Flatatungu.

Lýsing

Túngarður er enn greinilegur austan við túnið á Henglastöðum en aðrar minjar fundust ekki við skráningu sumarið 2010. Staðsetning var hnitsett eftir heimildum úr Byggðasögu Skagafjarðar.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddsonar segir: „Henglastaðir standa (stöðu) á hól neðst í Hálsinum skammt norðan Tyrfingsstaðamerkja. Þar voru lengi beitarhús og búið var þar í eitt ár svo vitað sé.“ (ÖGO: 1). Í Byggðasögu Skagafjarðar IV segir: „Ábúendur minnst einungis einnar húsatóftar af beitarhúsum þeim sem Gísli Stefánsson reisti þar á 19. öld.“ (BS IV: 474-475).

Flatatunga -51

Sérheiti: Henglastaðir

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Leifar býlisins Henglastaða er um 180m norður af merkjum milli Flatatungu og Tyrfingsstaða, rúmlega 1800m SSA af bæ á Flatatungu. Leifar túngarðsins liggja austan og að hluta norðan gamla túnsins.

Lýsing

Garðlagið liggur í boga austan við gamla túnið, það er 76m langt og mesta breidd er um 2m. Garðlagið er lægra til austurs eða um 10-30sm en hærra að vestan þar sem það er um 60sm hátt. Það er algróið en rofið á köflum að líkindum vegna ágangs búfjár.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar IV segir: „Henglastaðir voru á dálítilli hólbungu, um 130-140 m ofan við Kjálkaveg. Vallargarðurinn var fyrrum allt um kring en sést nú einungis að ofanverðu og húsaminjar nánast horfnar. [...] Túnið innan garðs kann að hafa verið upp undir einn hektari að stærð.“ (BS IV: 474-475).

Flatatunga -52

Sérheiti: Henglastaðir

Hlutverk: Öskuhóll

Tegund: Heimild

Staðhættir


Leifar býlisins Henglastaða er um 180m norður af merkjum milli Flatatungu og Tyrfingsstaða, rúmlega 1800m SSA af bæ á Flatatungu.

Lýsing

Samkvæmt heimildum fannst öskuhóll þegar tún var herfað á Henglastöðum. Hóllinn er horfinn í slétt tún en staðsetning var skráð eftir munnlegri lýsingu heimildamanns (Munnleg heimild, Gunnar Oddsson, 10.02.11) og má því gera ráð fyrir á að giska allt að 20m skekkju. Samkvæmt heimildamanni var hóllinn lítill og jafnframt lítil aska og gerði hann ekki ráð fyrir að þar hefði veri löng búseta (Munnleg heimild, Gunnar Oddsson, 10.02.11).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar IV segir: „Land er þarna grasgefið og var herfað niður til túnreктar laust eftir 1960 en aldrei gengið frá til ræktunar vegna þess hversu grýtt það reyndist. Þá kom í ljós mikil aska í hólnum sem benti til töluverðrar búsetu.“ (BS IV: 474-475).



Flatatunga -53

Sérheiti

Tungustekkur/Flatatungustekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á stórgrýttu svæði um 1250m SSV frá eldra íbúðarhúsi í Flatatungu er stekkjartóft.


Lýsing

Tóftin er tvískipt, tvær jafnstórar réttir, 2x9m að innanmáli sem mynda L á milli grýttra klappa. Til vesturs virðist vera aðrekstrargarður að hluta

náttúrulegur en að hluta manngerður. Veggir eru 30-50sm háir og mesta breidd er um 2m. Það sér í grjóthleðslur í veggjum en tóftin að öðru leyti grasi gróin. Norðvestan við tóftina er niðurgroftur um 2x2,4m að utanmáli, 10-40sm djúpur og grasi gróinn.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkjartóftir eru allmargar í Flatatungu. Tungustekkur er á stórgrýttu hólsvæði um kílómetra suður og niður frá bænum, mjög stór stekkur, eiginlega L-laga rétt.“ (BS IV: 471). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar frá 1940 segir: „Nokkru sunnar [en Lágistekkur], meðfram Vötnunum, er annað stekkjartóft, miklu nýlegra, og kallaðist þar Flatatungustekkur, var hann notaður síðast litlu fyrir aldamótin.“ (ÖMJ: 2).



Flatatunga -54

Sérheiti: Lágistekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Niður við Héraðsvötn í svonefndum Láastekkjarmvammum (ÖGO: 4), rúmlega 1km SV af eldra íbúðarhúsinu í Flatatungu er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr NV/SA og er 7x16m að utanmáli. Hún er þrískipt, þ.e. réttin sem er til NV virðist tvískipt og þaðan er innangengt í lambakró til SA sem stendur um 50sm hærra en réttin. Veggir eru grasi gróinir, 50-80sm háir og mest um 2m á breidd. Tóftin stendur á smá hóli, hugsanlega byggð á eldri minjum.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Láastekkjarmvammur er næsti hvammur en sunnan Kláfklappa. Láistekkur nefnast tóftir allnokkrar sem eru í hvamminum og er ljóst að

þar hafa verið meiri byggingar en stekkur einn.“ (ÖGO: 4). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Nokkru utar [en Tungustekkur], niður við Vötnin, er svonefndur Lágistekkur. A Lágastekkur er löng húsatóft, eða stekkjartóft, um 15m á lengd og 6m á breidd, virðist þrískipt. Tóftin er í

löngum og grösugum grashvammi upp frá farvegi Vatnanna. Ekki skal fullyrt um fleiri tóftir en þær kunna að leynast í stórþýfi og grasi.“ (BS IV: 471).



Mynd 12. Steyptur stöpull Flatatungukláfsins.

(BS IV: 466). Í dag stendur eftir steyptur stöpull, tréverk og vinda eins og sést á meðfylgjandi mynd.

Aðrar upplýsingar

Um kláfinn segir enn frekar í Byggðasögu Skagafjarðar: „Var hann mikið notaður enda stór samgöngubót milli hreppanna. Ferjumaður var oftast búsettur í Tungu eða Tungukoti en þaðan var um 15-20 mínútna gangur að ferjustaðnum.“ (BS IV: 466).



Mynd 13. Horft er eftir reiðgötum til norðurs frá kláfstæðinu á austurbakka Héraðsvatna.

Flatatunga -55

Sérheiti:

Flatatungukláfur

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á Héraðsvatnabökkum, tæplega 1200m austur af Flatatungu eru leifar kláfs.

Lýsing

Kláfurinn var upphaflega settur á Héraðsvötnin sumarið 1879 og var í notkun til 30. júní 1929 þegar hann slitnaði niður svo af varð banaslys. Síðast var gert var við kláfinn árin 1925 og 26

Flatatunga -56

Hlutverk: Leið


Tegund: Götur

Staðhættir og lýsing

Margar samhliða götur liggja til norðurs frá kláfstæðinu meðfram Héraðsvötnum.

Lýsing

Rúmlega 100m voru skráðir á vettvangi en á loftmynd sjást göturnar nokkur lengra til norðurs með Héraðsvatnabakkanum.



Flatatunga -57

Sérheiti: Grænatóft

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðurárdalsmegin í Flatatungulandi, tæplega 1300m NA af bæ í Flatatungu er tóft á smá nesi sem gengur til norðurs upp að vegi þeim sem liggur að Egilsá.

Lýsing


Tóftin liggur NNA/SSV, 7x10m að utanmáli og virðist að hluta niðurgrafin til norðurs og vesturs. Tóftin er tví-eða þrískipt, mögulega stekkur með rétt til NNA en kró til SSV. Veggir eru nokkuð hrundir inn í tóftina þó algrónir, þýfðir og hvergi sér í grjót, hæð þerra er frá 30-80sm en mesta breidd 2m. Mikill gróður var þegar minjarnar voru skráðar. Um hlutverk tóftarinnar verður ekkert fullyrt nema með frekari rannsóknum en höfundur Byggðasögu Skagafjarðar telur líklegt að um seltóftir sé að

ræða (bls. 472).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Heimast í Hlíðinni (nyrst) gengur smá nes fram Norðuráreyrar og nefnist Grænatóft. Þar sést vel fyrir grónu tóftum sem engin munnmæli eru um hvað hafi verið.“ (ÖGO: 5). Í Byggðasögu segir eftirfarandi: „Tóftirnar eru nokkuð stórar en eðli þeirra liggur ekki í augum uppi. Hvorki munu þó ummerkin eftir stekk eða venjuleg bæjarhús. Að öllum líkindum eru þetta seltóftir.“ (BS IV: 472).

Tungusel/Flatatungusel



Flatatunga -58

Sérheiti: Tungusel/Flatatungusel

Hlutverk: Sel

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tungusel var vestast í svonefndum Reit, tungunni milli Sellækjar og Egilsár.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var selið sunnan eða ofan við fjárhúsbragga sem þarna stendur. Seltóftirnar eru horfnar og punktur því tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fornar selstöður eru líklega á fjórum stöðum í Flatatungulandi, allar Norðurárdalsmegin. Fyrst skal telja Tungusel, nokkru hundruð metrum utan Egilsána. [...] stendur þar fjárhúsbraggi [...]“ (BS IV: 472).

Flatatunga -59

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Beitarhús/Rétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Tungusel var vestast í svonefndum Reit, tungunni milli Sellækjar og Egilsár, og síðar voru þar beitarhús.


Lýsing

Samkvæmt heimildamanni voru beitarhúsin sunnan eða ofan við fjárhúsbraggann sem þarna stendur. Beitarhúsin og réttin sem þarna voru eru horfin og voru byggð á þeim fjárhús og

hlaða úr torfi einhvern tímann á milli 1950-60. Dilkur úr gömlu húsunum var í hlöðunni. Þau hús stóðu uppi fram undir 1980 en voru brennd vegna riðu. Ekkert sér eftir af húsunum en punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í byrjun 20. aldar voru þar [á Tunguseli] tvístæð beitarhús úr torfi og grjóti sem seinna var breytt í rétt og var hún notuð sem skilarétt um tíma. Í upphafi búskapar síns byggði Gunnar Oddsson [f. 1934] 100 kinda torfhús upp úr þessari rétt og notaði þau þangað til bragginn var reistur um 1980. [...] Stóðu torfhúsin á lágum hól rétt ofan við braggann og hlaða vestan við.“ (BS IV: 472).



Flatatunga -60

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Vestast í Reit stóð Tungusel, þar er nú fjárhúsbraggi og norðaustan við hann er túngarðsbrot.

Lýsing

Garðlagið liggur á vestanverðum lækjarbakka í stefnuna NNV/SSA og er 40m á lengd. Það er grasi gróið, um 50sm hátt og mest um 1,5m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Öflugur vallargarður var hlaðinn kringum gamlatúnið á Selinu (um tvær dagsláttur).“ (ÖGO: 5). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vallargarður kringdi áður allt gamla túnið en er nú horfinn nema á nokkrum kafla að sunnan verðu.“ (BS IV: 472).

Flatatunga -61

Hlutverk: Sundstaður/sundpollur

Tegund: Hleðsla

Staðhættir


Vestast í Reit stóð Tungusel, þar er nú fjárhúsbraggi og norðaustan við hann er túngarðsbrot og við enda þess garðlag sem afmarkaði sundpoll.

Lýsing

Við norðurenda túngarðsins (nr. 60) er hlaðinn garður þvert á túngarðinn og er hann beggja vegna lækjar sem rennur austan við túngarðinn. Þarna var samkvæmt heimildamanni hlaðinn sundpollur snemma á 20. öld (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.10). Garðlagið er 50sm hátt, um 1m á breidd og als um 8m á lengd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Öflugur vallargarður var hlaðinn kringum gamlatúnið á Selinu (um tvær dagsláttur). Drengir í Flatatungu bjuggu sér til sundpoll við vallargarðinn (um 1916-17) með því að hlaða garð fyrir læk sem kemur úr volgri uppsprettu nokkuð ofan við Selið, sér enn vel fyrir þessu mannvirki.“ (ÖGO: 5).



Flatatunga -62

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Óþekkt, kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast í Reit stóð Tungusel, þar er nú fjárhúsbraggi og tæpa 50m suðvestur af honum, í óráekt við túnjaðar vestan Sellækjar er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr nálega norður/suður en suðurendi sveigir lítillega til suðausturs. Hún er 4x12m að utanmáli og er tvískipt. Dyr eða hlið er á stærra hólfinu sem er til norðurs en dyr á milli hólfa sjást ekki. Ekki eru greinilegar dyr á syðra hólfinu en mögulega hafa verið dyr eða hlið á því við millivegginn sitthvoru megin. Mesta breidd veggja er rúmur metri en hæð 30-50sm.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Enn má finna óskerta, um það bil 12m langa kvíatóft í óráektinni rétt utan við Sellækinn [...], aðeins ofar en

beitarhúsin stóðu.“ (BS IV: 472).

Flatatunga -63

Sérheiti: Tungusel

Hlutverk: Kofi

Tegund: Heimild

Staðhættir


Vestast í Reit stóð Tungusel, þar er nú fjárhúsbraggi og tæpa 50m suðvestur af honum, í óráekt við túnjaðar vestan Sellækjar eru ummerki eftir kofatóft.

Lýsing

Kofinn er horfinn en gróðurskil sjást á vestanverðum Sellækjarbakkanum þar sem hún stóð. Punktur var tekinn af loftmynd og má því gera ráð fyrir allt að 5m skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Kofatóft var litlu neðar [en tóft nr. 62] [...] á ytri barmi lækjargilsins er nánast horfin þar sem jarðýta tók meiri part af tóftinni en grjót úr henni er á gilbarminum. Ekkert veggjalag er sjáanlegt en gróður bendir til húsatófta.“ (BS IV: 472).



Flatatunga -64

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í Reit, um 400m austur af Tunguseli og 300m vestur af Egilsá eru mógrafir.

Lýsing

Grafirnar eru í framræstu mýrlendi á milli melhóla og ná yfir 572m² svæði, eru algrónar og um 50-100sm djúpar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reitur heitir landsvæði frá Sellæk

fram að Egilsánni. Góð mótekja var í miðjum Reitnum.“ (BS IV: 471).

Flatatunga -65

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Í Reit um 400m austur af Tunguseli og 300m vestur af Egilsá eru mógrafir og vestan þeirra þúst, líklega mótóft.

Lýsing

Þústin er í þýfðri framræstri mýri, nálæga ferhyrnd um 5x5m að utanmáli. Engir veggir eru greinanlegir en þústin stendur um 40-50sm upp úr umhverfi sínu.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reitur heitir landsvæði frá Sellæk fram að Egilsánni. Góð mótekja var í miðjum Reitnum.“ (BS IV: 471).



Mynd 14. Byrgi nr. 66 er neðarlega fyrir miðri mynd og vinstra megin er hleðsla nr. 67.

Flatatunga -66

Hlutverk: Byrgi


Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á mosagróinni melbrún í Reit rúmlega 340m ANA af Tunguseli eru tvennar hleðslur, önnur líklega byrgi.

Lýsing

Hleðslan snýr norður/suður og er opin til suðurs, 2x2m að utanmáli. Byrgið er byggt upp við jarðfastan stein, hæð veggja er 10-20sm og því hallar til suðvesturs.



Flatatunga -67

Hlutverk: Óþekkt, varða, kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á mosagróinni melbrún í Reit rúmlega 340m ANA af Tunguseli eru tvennar hleðslur.

Lýsing

NV við byrgi nr. 66 er vörðubrot um 0,8m að þvermáli og um 20sm hátt. Sunnan þess er að því er virðist ferhyrnd hleðsla sem er 1,5x1,8m á kant. Mögulegt er að þarna sé vörðubrot eftir

smala en útlit minnir nokkuð á umbúnað heiðinna grafa en um hlutverk er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsóknum.

Flatatunga -68

Hlutverk: Byrgi, kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á grasi og mosagrónum melhól rúma 520m SA af Tunguseli og 230m vestur af Egilsá er hleðsla.

Lýsing

Einföld grjóthleðsla um 2x3m að grunnmáli og mest um 10sm á hæð. Steinarnir standa að mestu leyti upp úr en annars er hleðslan gróin grasi og mosa. Í örnefnaskrá segir að þarna séu leifar grjótbyrgis en útlit minnir um nokkuð á heiðna gröf þó að um slíkt verði ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Upp í hlíðinni, vestur af Mógröfunum er Birgismelur. Þar var hlaðið smalabyrgi sem sér vel fyrir enn (grjóthréga). Smalar sátu þar fyrir kvíám sem var haldið til beitar í Reitnum og Hæðunum, en upp af Reitnum eru Fornaselshæðir sem er framhald af Flóanum.“ (ÖGO: 6).



Mynd 15. Horft til austurs fram Norðurárdal. Fremst á mynd er grjóthleðsla nr. 68.

Flatatunga -69

Hlutverk: Óþekkt, varða, kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á grónum melum austur af selinu eru nokkrar grjóthleðslur og er ein þeirra rúma 300m austur af Tunguseli.

Lýsing

Hleðslan er um 30sm há og um 1,4m að þvermáli. Hún er gróin grasi og mosa en þó sér í grjót og kantar hennar eru rofnir við jörðu. Hlutverk er óþekkt.



Mynd 16. Hleðsla nr. 69, horft til suðausturs.

Flatatunga -70

Hlutverk: Óþekkt, varða

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á grónum melum austur af Tunguseli eru nokkrar grjóthleðslur og er ein þeirra rúma 340m austur af selinu.

Lýsing

Einföld grjóthleðsla, hugsanlega vörðubrot, um 60sm í þvermál og mest um 10sm há. Hún er að hluta gróin grasi og mosa.

Flatatunga -71

Hlutverk: Óþekkt, varða, kuml

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á grónum melum austur af Tunguseli eru nokkrar grjóthleðslur og er ein þeirra tæpa 400m austur af selinu.

Lýsing

Einföld grjóthleðsla, tæpur metri á kant og um 10sm há. Grasi og mosagróið er umhverfis hleðsluna. Hlutverk er óþekkt.

Flatatunga -72

Hlutverk: Óþekkt, heystæði

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 85m austur af Sellæk, í stórbýfi utan gamla túnsins á Tunguseli er tóft.

Lýsing

Tóftin stendur á um það bil 50-100sm háum hól og er 4x4,5m að utanmáli. Veggir eru þýfðir og útbrúnir veggja óljósir en hæð veggja er um 10-30sm og breidd mest 1m. Dyr eða hlið hefur verið til austurs. Útlit tóftar minnir helst á heystæði en mögulegt er að þarna hafi staðið einhverskonar kofi.

Flatatunga -73

Hlutverk: Óþekkt, varða, kuml

Tegund: Tóft

Staðhættir

Rúmlega 100m austur af túngarðinum (nr. 60) á Tunguseli er grjóthleðsla fremst á skeifulaga melhrygg.

Lýsing

Hleðslan er um 20-30sm á hæð 1x0,6m að grunnmáli og nánasta umhverfi hennar gróið grasi og lyngi. Hlutverk er óvíst en útilit minnir nokkuð á umbúnað heiðinna grafa en um hlutverk er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsóknum.

Fornasel

Flatatunga -74

Sérheiti: Fornasel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir


Í grasi grónu dragi um 900m SSA af Tunguseli, norðan undir aflíðandi fjallsbrekkunni eru tvennar tóftir sem líklega eru hvorutveggja seltóftir og að auki ein kvíatóft.

Lýsing

Nyrst er þrískipts tóft, 6x15m að utanmáli og snýr NNA/SSV með dyr á báðum endum. Tóftin er vel greinileg, algróin og hvergi sér í grjóti. Umhverfi tóftar er þýft og veggir sem eru að nokkru hrundir eru að hlaupa í þúfur. Hæð er frá 20-60sm og mesta breidd er um 2m. Tóftin er á smá hól og hefur að líkindum verið reist á eldri minjum og virðist sem syðsti hluti tóftar gæti verið eldri en nyrðri hlutinn.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „[...] upp af Reitnum eru Fornaselshæðir sem er framhald af Flóanum. Á Hæðunum eru seltóftir sem kallast Fornasel“ (ÖGO: 6).



Flatatunga -75

Sérheiti: Fornasel

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi grónu dragi um 900m SSA af Tunguseli, norðan undir aflíðandi fjallsbrekkunni eru tvennar tóftir sem líklega eru hvorutveggja seltóftir og að auki ein kvíatóft.

Lýsing

Rúmlega 20m SSV af tóft nr. 74 er önnur tóft sem er líklega einnig seltóft. Hún liggur í stefnuna austur/vestur, er 6x16m að utanmáli og skiptist í 5 hólf sem snúa dyrum mót norðri. Hæð veggja 20-70sm, þeir eru grasi og mosa grónir en þó sér í eitt grjóti í tóftinni. Veggir eru fallnir og komnir í þúfur. Framan (norðan) við tóftina er aflíðandi gróin brekka niður frá tóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „[...] upp af Reitnum eru Fornaselshæðir sem er framhald af Flóanum. Á Hæðunum eru seltóftir sem kallast Fornasel“ (ÖGO: 6).

Flatatunga -76

Sérheiti: Fornasel

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grasi grónu dragi um 900m SSA af Tunguseli, norðan undir aflíðandi fjallsbrekkunni eru tvennar tóftir sem líklega eru hvorutveggja seltóftir og kvíatóft.

Lýsing

Austan við tóft nr. 75 er kvíatóft sem snýr norður/suður með hlið til norðurs. Tóftin er fremur stór 5,5x19m að utanmáli. Hún er tvískipt og er minna hólf til suðurs. Tóftin er niðurgrafin og eru veggbrúnir að utan sléttar eða mjög lágar, mest um 10sm. Hæð veggja er frá 30-80sm, mesta breidd 2m og þeir eru nokkuð hrundir inn. Veggir eru algrónir grasi og mosa og hvergi sér í grjót.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „[...] upp af Reitnum eru Fornaselshæðir sem er framhald af Flóanum. Á Hæðunum eru seltóftir sem kallast Fornasel“ (ÖGO: 6).



Mynd 17. Varða númer 77. Horft er til norðvesturs.

Flatatunga -77

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á lítt grónum melkolti rúmlega 1km suður af Tunguseli, vestan við Sellæk er varða.

Lýsing

Varðan er 1,5x1,2m að grunnmáli og 30sm há og að líkindum hrugin.



Mynd 18. Varða nr. 78. Horft er til norðvesturs.

Flatatunga -78

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Í aflíðandi brekku um 1,15km SSV af Tunguseli og tæpa 200m vestur af Sellæk er varða.

Lýsing

Varðan er ekki upphlaðin heldur er nokkrum sæmilega stórum steinum raðað saman í hrúgu, 80x80sm að grunnmáli og 30sm á hæð.



Mynd 19. Varða nr. 79. Horft er til norðvesturs.

Flatatunga -79

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Á aflíðandi brekku um 1,15km SV af Tunguseli og 400m vestur af Sellæk er hleðsla.

Lýsing

Varðan er ekki upphlaðin heldur er nokkrum sémilega stórum steinum raðað saman í hrúgu 1,1x1,1m að grunnmáli og 10-50sm á hæð.



Mynd 20. Varða nr. 80 á einum af Bræðrunum. Horft er til norðvesturs. Varða nr. 81 í baksýn.

Flatatunga -80

Sérheiti: Bræður

Hlutverk: Óþekkt, Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Sandur nefnist hábunga tungunnar milli Héraðsvatna og Norðurár og austan við hann heitir Flói. Í Flóanum eru þrjár melhólar sem nefnast Bræður. (ÖGO: 1). Hólarnir liggja í röð nokkurn veginn frá suðaustri til norðvesturs. Og á tveimur hólanna sem liggja lengra til NV eru stæðilegar vörður.

Lýsing

Á miðhólnum er 50-70sm há varða sem er

um 1m að grunnmáli. Hleðslan er stæðileg en nokkur grjótt eru hrunin úr henni. Hóllinn er lítt gróinn.



Mynd 21. Varða nr. 81 á einum af Bræðrunum. Horft til norðvesturs.

Flatatunga -81

Sérheiti: Bræður

Hlutverk: Óþekkt, Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Sandur nefnist hábunga tungunnar milli Héraðsvatna og Norðurár og austan við hann heitir Flói. Í Flóanum eru þrjár melhólar sem nefnast Bræður. (ÖGO: 1). Hólarnir liggja í röð nokkurn veginn frá suðaustri til norðvesturs. Og á tveimur hólanna sem liggja lengra til NV eru stæðilegar vörður.

Lýsing

Á hólnum sem er lengst til norðvesturs er

stæðileg 120sm há varða sem er um 1,2m að grunnmáli.



Mynd 22. Grjóthleðsla nr. 82. Horft er til norðvesturs.

Flatatunga -82

Hlutverk: Óþekkt, Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á ógrónum hóli tæplega 170m norðvestan við Bræður (sjá nr. 80, 81) er 4-hyrnd grjóthleðsla sem virðist manngerð.

Lýsing

Hleðslan er úr misstóru grjóti, 10-30sm há og um 1x1m á kant. Gróðurlaus melur er umhverfis hleðsluna en við hana er mosa- og lynggróður.



Mynd 23. Meint kuml nr. 83 á há-Sandinum.

Flatatunga -83

Hlutverk: Óþekkt, kuml

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Sandur nefnist hábunga tungunnar milli Héraðsvatna og Norðurár (ÖGO: 1) og á honum um 100 ofan við svonefnt Heiðarskarð er steinalögn.

Lýsing

Steinalögnin skiptist í tvo hluta, annars vegar er 2,5m löng einföld röð af hellugrjóti sem liggur frá norðri til suðurs. Austan við suðurenda hellulagnarinnar er grjóthrúga sem er um 0,75x1m að utanmáli

og mest um 20sm há. Mosi er við hleðslurnar en Sandurinn að öðru leyti lítt gróinn.

Tungusel á Tungudal

Flatatunga -84

Sérheiti: Tungusel á Tungudal

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir


Yst á grónum höfða sem gengur til austurs fram í Egilsárgilið, 2,7km SA af Tunguseli (nr. 58) eru tvennar seltóftir.

Lýsing

Austari tóftin snýr VNV/ASA og er 5x8m að utanmáli, grasi og mosa gróin. Veggir eru 30-50sm háir og mesta breidd veggja er um 2m. Hún er tvískipt og eru dyr á við SV horn og snúa til SV.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Beitarhús voru löngum á tveimur stöðum: Á Henglastöðum og á Tunguseli. Gísli ríki Stefánsson hafði beitarhús á báðum þessum stöðum, átti 900 fjár á fjalli að sagt var. Beitarhúsatóft er einnig á Tunguseli frammi á Tungudal.“ (BS IV: 471). Óljós bakki er á milli tóftanna (nr. 84 og 85).



Flatatunga -85

Sérheiti: Tungusel á Tungudal

Hlutverk: Sel

Tegund: Tóft

Staðhættir

Yst á grónum höfða sem gengur til austurs fram í Egilssárgilið, 2,7km SA af Tunguseli (nr. 58) eru tvennar seltóftir.

Lýsing

Vestari tóftin er 6x10m að utanmáli, þrískipt og innangengt er á milli hólfa, hún snýr í stefnuna NNA/SSV. Dyr eru óljósar en virðast vera á tveimur stöðum, annarsvegar á miðjum austur langvegg og hinsvegar á SSV skammvegg. Veggir, algrónir grasi og mosa, eru 30-60sm háir og mest um 2m á breidd. Óljós bakki er á milli tóftanna (nr. 84 og 85).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Beitarhús voru löngum á tveimur stöðum: Á Henglastöðum og á Tunguseli. Gísli ríki Stefánsson hafði beitarhús á báðum þessum stöðum, átti 900 fjár á fjalli að sagt var. Beitarhúsatóft er einnig á Tunguseli frammi á Tungudal.“ (BS IV: 471).

Flatatunga -87

Sérheiti: Tungusel á Tungudal

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Yst á grónum höfða sem gengur til austurs fram í Egilsárgilið, 2,7km SA af Tunguseli (nr. 58) eru tvennar seltóftir (nr. 84 og 85) og 50m sunnan þeirra beitarhúsatóft

Lýsing

Tóftin er 9x13m að utanmáli og snýr NNA/SSV. Hún er tvískipt og virðist vera garði um 10sm háir í vestara húsinu. Dyr eru á báðum húsum og snúa til NNA. Mikið grjót er í veggjum sem eru 50-110sm háir og mest um 2m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Beitarhús voru löngum á tveimur stöðum: Á Henglastöðum og á Tunguseli. Gísli ríki Stefánsson hafði beitarhús á báðum þessum stöðum, átti 900 fjár á fjalli að sagt var. Beitarhúsatóft er einnig á Tunguseli frammi á Tungudal.“ (BS IV: 471).

Flatatunga -88

Hlutverk: Sögustaður, legstaður

Tegund: Frásögn

Staðhættir

Um 100m NNA af fjárhúsbragga þeim sem stendur á Tunguseli er gróin laut um 15x60m á kant.

Lýsing

Þýft er í lautinni og mögulegt að séu dysjar þær sem nefndar eru í heimildum (sjá aðrar upplýsingar) en um slíkt er ekki hægt að fullyrða nema með frekari rannsóknum.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Reitur heitir landsvæði frá Sellæk fram að Egilsánni. Góð mótekja var í miðjum Reitnum. Niður af honum ganga Selhólarnir milli Tungusels og Egilsárinnar. Neðarlega í hólunum er stór graslaut [...] þar sem Össur á Þverá sat fyrir Þórði hreðu samkvæmt því er segir í sögu Þórðar.“ (BS IV: 471). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar frá 1940 segir: „Vestanvert í grasbolla þessum er þúfnabyrping lítil en slétt umhverfis. Þar eiga dysjarnar að vera, þar sem menn þeir, er af Össuri féllu, voru dysjaðir“ (ÖMJ: 4).

Flatatunga -89

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Gata liggur úr Tyrfingsstaðalandi til norðausturs upp Heiðarskarð, gömul þjóðleið (sjá ÖGO, 1) og áfram norðausturs yfir Sandinn (sjá ÖGO, 1) og niður á Fornaselshæðir þar sem að mætast götur sem liggja í átt að Tunguseli fram á Tungudal (fjargötur), aðrar í átt heim að Flatatungu (fjargötur) og þær þriðju, áframhald fyrst nefndu gatnanna, niður í Reit (sjá ÖGO, 5). Gatan var ekki skráð á vettvangi en hún sést greinilega á köflum á loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddsonar segir: „Girðing er svo áfram á merkjum [Flatatungu og Tyrfingsstaða] upp (austur) í Sandbrún sunnan Heiðarskarðs sem er alldjúp laut vestan í Sandinum og gamlar reiðgötur liggja um í átt til Norðurárdals.“ (ÖGO: 1).

Flatatunga -90

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Gamli akvegurinn liggur austan við gamla túnið í Flatatungu, meðfram brekkunni til suðausturs og yfir í Tyrfingsstaðaland. Þar var áður reiðvegur. Gatan sem er rúmlega 900m

löng var ekki gengin á vettvangi en skráð af loftmynd þar sem hún sést greinilega. Gatan liggur áfram til norðurs og síðan austurs út Hlíðina og fram fyrir Tungusel.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddsonar segir: „Nokkuð ofan Hallanna lágu reiðgötur og síðar akvegur [milli Tyrfingsstaða og Flatatungu] sem nú hefur verið færður og liggur eftir mýrunum.“ (ÖGO: 1).

Flatatunga -91

Sérheiti: Brúarsund

Hlutverk: Samgöngubót, brú

Tegund: Hleðsla, heimild

Staðhættir

Þar sem að gata nr. 90 liggur yfir Sundið (sjá ÖGO: 3) var grjótblú, þar sem að það er mjóst, rúmlega 430m norður af eldra íbúðarhúsi í Flatatungu.

Lýsing

Hleðslan er hrunin og ekki göngufær en sést í grjót úr henni. Punktur var tekinn af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Ein megin kelda fellur eftir Sundinu öllu og á reiðgötum sem liggja norður fyrir Sundið (og síðan austur Hlíð) er grjótpúkk eða grjótblú yfir aðalkelduna og nefnist sundið þar fyrir neðan Brúarsund.“ (ÖGO: 3). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir: „Austan við fyrrnefnda Nautalág og niður með Drangagili heitir Reitur. Í þessum Reit er djúp laut (utanvert við Egilsá), og markar þar fyrir fornum götum, sem legið hafa yfir lautina.“ (ÖMJ: 4). Heimildamaður, Gunnar Oddsson taldi að grjótblúin gæti hafa verið hlaðin í tíð afa hans (Gunnar Oddsson, munnleg heimild 27.10.12).

Flatatunga -92

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Götur liggja austan frá heimreiðinni heim að Flataungu til norðausturs í átt að malarnámu þar sem áður var Stóragrjót. Gatan var skráð af loftmynd en þar sést hún greinilega að malarnámunni og þaðan út hlíðina til austurs í átt að Tunguseli (nyrðra).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddsonar segir: „Kotsmelar eru uppfrá, austur frá Tungukoti. Reiðgötur liggja austur Kotsmelana framhjá Stóragrjóti sem voru geysistór björg og klappir sem standa ekki á berggrunni.“ (ÖGO: 3).

Flatatunga -93

Sérheiti: Vagnbraut

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Tæplega 720m vestur af eldra íbúðarhúsinu í Flatatungu er gata sem nefnd var Vagnbraut (sjá nánar í aðrar upplýsingar).

Lýsing

Gatan var ekki skráð á vettvangi en hún var skráð af loftmynd eftir ábendingu heimildamanns (Munnleg heimild, Gunnar Oddsson, 10.02.11).

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Eyrin er kallað allstór vatnsrofsflaki [svo skrifað] á Löngubrekku sunnarlega. Þar nokkru sunnar (nú á milli túna í Flatatungu vestan vegar) á

brekkunni eru gamlar reiðgötur allbreiðar sem vatn og veður hafa blásið þunnum jarðvegi af en náð að gróa aftur. Þessar gömlu götur heyrði ég stundum kallaðar Vagnbraut, en hafði samt tilfinningu fyrir að þar væri jafnan um grín að ræða.“ (ÖGO: 5).

Flatatunga -94

Sérheiti: Kláfvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Nyrst í svonefndum Lágastekkjjarhvammi sem áður er getið var vað yfir Héraðsvötnin tæpa 1200m VSV af eldra íbúðarhúsinu í Flatatungu. Punktur var tekinn samkvæmt skriflegri lýsingu (sjá BS IV: 470). Hafa ber í huga að vaðið er skráð eftir lýsingu og því getur verið nokkur skekkja á hnitum.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þrjú nafngreind vöð voru á Héraðsvötnum í landi Flatatungu. Fyrst er að nefna Strákavað [...]. Annað vað nefndist Teigakotsvað [...]. Þriðja vaðið var úr Lágastekkjjarhvammi, sunnan undir Kláfklöppum og hét Kláfvað. Það var besta vaðið af þessum þremur, á löngu broti á ská út og yfir frá hvamminum. Það hefur verið riðið af og til á síðari árum.“ (BS IV: 470).

Flatatunga -95

Sérheiti: Teigakotsvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimildamanni var Kláfvað vestur undan Tungustekk, úr svonefndum Stekkjarhvammi yfir í Teigakotsland. Hafa ber í huga að vaðið er skráð eftir lýsingu og því getur verið nokkur skekkja á hnitum.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þrjú nafngreind vöð voru á Héraðsvötnum í landi Flatatungu. Fyrst er að nefna Strákavað [...]. Annað vað nefndist Teigakotsvað úr Breiðahvammi sem er vestur undan Langamel.“ (BS IV: 470).

Flatatunga -86

Sérheiti: Strákavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt heimildamanni var Strákavað rétt utan við merki milli Tyrfingsstaða og Flatatungu. Það var djúpt, stórgrýtt og fremur lélegt vað. Hafa ber í huga að vaðið er skráð eftir lýsingu og því getur verið nokkur skekkja á hnitum.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þrjú nafngreind vöð voru á Héraðsvötnum í landi Flatatungu. Fyrst er að nefna Strákavað undan Markhöfðahvammi sem er norðan undir Markhöfða á landamerkjum við Tyrfingsstaði. Það var djúpt og sjaldan farið.“ (BS IV: 470).

Horfnar minjar og óstaðsettar

Flatatunga -96

Hlutverk: Ullarþvotta-/þurrkunarstaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Gunnars Oddsonar segir: „Norðan við Stóragrjót og Kotsmela er Bugur kallaður og nær norður og austur að Hólum sem eru uppgrónar eyrar Norðurár. Uppsprettur nokkrar falla austur undan Bugnum og mynda Ullarsíki. Þar var ull þvegin. Síkið fellur upp við Buginn og rétt fyrir neðan (vestan) þann stað sem ull var þvegin sér í klöppina eða berggrundið í norðausturhorni Bugsins og kallast Ullarklettur.“ (ÖGO: 3).

Lýsing

Ummerki fundust ekki við skráningu 2011.

Aðrar upplýsingar

Við Ullarsíki voru hlóðir og var ullin soðin þar upp úr hlandi. Búið var að veita tveimur bunum úr síkinu til þess að skola ullina, fyrst var hún grófskoluð en síðan fínskoluð. Ullin var síðan flutt á Ullarhól þar sem hún var þurrkuð. Síðast var þvegin ull við Ullarsíki fyrir um 60 árum. (Munnleg heimild, Gunnar Oddsson, 10. 02. 2011).

Flatatunga -97

Sérheiti: Flatatungakirkja

Hlutverk: Kirkja

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Ekki er vitjað hvar kirkjan stóð í Flatatungu en kirkjur voru jafnan heima við bæi og hafi gamla bæjarstaðið, sem er austan við íbúðarhús Gunnars og Helgu, ekki flust til má gera ráð fyrir að kirkjan hafi verið skammt þar frá.

Flatatunga -98

Sérheiti: Henglastaðir

Hlutverk: Vatnsból/brunnur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Leifar býlisins Henglastaða er um 180m norður af merkjum milli Flatatungu og Tyrfingsstaða, rúmlega 1800m SSA af bæ á Flatatungu.

Lýsing

Engin lind fannst við skráningu 2010 en búið er að grafa skurð bæði SV og NV við hólinn og gæti lindin hafa spillst við skurðgröft.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar IV segir: „Vatnsbólið er í lind utan og neðan við hólinn og þar var brunnur.“ (BS IV: 475).

Flatatunga -99

Sérheiti: Dalsvarða

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Á Dalshæðunum er smá varða er nefnist Dalsvarða.“ (ÖGO: 6).

Lýsing

Varðan fannst ekki við skráningu sumarið 2010.

Flatatunga -100

Sérheiti: Kofinn

Hlutverk: Gangnamannakofi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Gunnars Oddssonar segir: „Kofinn, kofarústir skammt framan við Mosgilið á bala er nefnist Kofagrund. Kofi þessi var reistur laust eftir síðustu aldamót en stóð stutt uppi, gangnamenn lágu þar einhver haust.“ (ÖGO: 7).

Lýsing

Kofinn var ekki skráður sumarið 2010.

Flatatunga -101

Hlutverk: Skáli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Þórðar sögu hreðu segir af skála í Flatatungu: „Um vorið reið Þórður upp í hérað því að bóndi sá er Þorgrímur hét hafði sent honum orð að smíða skála sinn því að Þórður var manna hagastur. Þorgrímur bjó í Flatatungu. Það er ofarlega í Skagafirði. Þórður er að skálasmiðinni um sumarið og er mjög var alger skálinn kom skip af hafi að Gásum í Eyjafirði. Þórður segir bónda að hann vill ríða til skips og kaupa þá við er honum þótti mest þurfa. [...] Þórður var nú í Flatatungu og lauk við skálasmiðina. Var það furðusterkt hús. Stóð sá skáli allt til þess er Egill biskup var að Hólum.“ (Heimasíða Snerpu: <http://www.snerpa.is/net/isl/hredu.htm>).

Lýsing

Ekki er vitað hvar umrædd skálabygging stóð en hafi bæjarstæðið í Flatatungu ekki flust frá landnámi má gera fastlega ráð fyrir því að skálabyggingin sé í bæjarhólnum.

Sólheimar - söguágrip



Mynd 24. Horft til norðausturs heim að Sólheimum. Fyrir miðri mynd er sumarbústaður á gamla bæjarstæði Litlu-Sólheima, íbúðarhúsið á Sólheimum í baksýn og lengst til vinstri fjósið.

Sólheima er fyrst getið í Sturlungu árið 1238 þegar að Sighvatur Sturluson gisti þar fyrir Örlygsstaðabardaga²⁴ en næsta heimild er máldagi Miklabæjarkirkju frá 1394²⁵ en þar er sagt bænhús á Sólheimum.²⁶ Bænhúsið stóð enn um 1713 en var þá ekki í notkun: „Bænhús hefur hér verið eða hálfkirkju og sést hér til kirkjugarðsleifa, stendur húsið enn. Ekki hafa hér verið tíðir fluttar í manna minni.“²⁷

Hjáleigur

Litlu-Sólheimar og Sólheimagerði voru hjáleigur frá Sólheimum, hvor um sig metin á 10 hundruð.²⁸ Sólheimagerði fylgdi heimajörðinni fram til 1838 þegar hún var seld undan og hefur síðan verið sjálfstæð jörð.²⁹

Um Litlu-Sólheimar segir í jarðabók frá 1713: „Eyðihjáleiga, hefur í auðn verið 16 ár. Varaði byggðin hér um 10ár.“ Hjáleigan fylgdi jafnan heimajörðinni nema árin 1839-1848 og var oftast í leiguabúð. Hún var lögð í eyði árið 1862.³⁰

²⁴ *Sturlunga saga I*, 422

²⁵ Úr máldögum Péturs Nikulássonar biskups fyrir kirkjur Hólabiskupsdæmis í *Fornbréfasafni Íslands III*, 508.

²⁶ *Íslenskt Fornbréfasafn III*, 565.

²⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 170.

²⁸ *Ný jarðabók*, 104; *Jarðatal á Íslandi*, 264

²⁹ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, 361.

Náttúrufar og jarðabætur

Jörð	Ártal	Eigandi/eigendur	Jarðadýrleiki	Landskuld	Kúgildi
Sólheimar	1686 ³¹	Bændaeign	90 hndr.	4,5 hndr	12
Sólheimar	1696 ³²	Bændaeign	80 hndr	3 hndr og 80 álnir	6
Sólheimar	1713 ³³	Bændaeign	80 hndr	1,5 hndr	2
Sólheimar (án hjáleigna)	1847 ³⁴	Bændaeign	20 hndr ³⁵	2 hndr	6,5
(mat hreppstjóra, án hjáleigna)	1847 ³⁶	-	20 hndr	-	-
Sólheimar m. hjáleigum	1861 ³⁷	-	37,5 hndr	-	-

Í jarðabók frá 1713 segir: „Túni og engjum granda leirskriður úr brattlendi, en engið að neðan brjóta Héraðsvötnin, svo nú er þeirra farvegur þar sem fyrir 10 árum var engið sjálf, og stekkjarsæði, sem þá var héðan, liggur nú fyrir vestan vötnin, en stekkurinn stóð áður á miðju enginu.“ Urðu þessar landskemmdir til þess að árið 1753 var jarðamat Sólheima lækkað úr 80 hundruðum í 40.³⁸

Fyrir ítarlegri sögu er bent á Byggðasögu Skagafjarðar IV. bindi.

³⁰ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, 353.

³¹ Björn Lárusson (1967), 254.

³² Björn Lárusson (1967), 254.

³³ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 170.


³⁴ *Jarðatal á Íslandi*, 264.

³⁵ Árið 1753 var jörðin endurmetin vegna landskemmda og var þá lækkuð úr 80 hundruð í 40 hundruð. Sjá *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, 355.

³⁶ *Jarðatal á Íslandi*, 264.

³⁷ *Ný jarðabók*, 104.

³⁸ *Byggðasaga Skagafjarðar IV*, 355.



Mynd 25. Á myndinni er túnakort frá 1919, eftir Guðmund Sveinsson lagt yfir hnitaða loftmynd frá Loftmyndum ehf. Á kortinu er gamli bærinn nr. 1, fjós nr. 2, fjárhús nr. 7, 15, 16, og 24. Hesthús númer 6 og skemmur nr. 4-5 (númerin eru hlaupandi númer úr fornleifaskráningu Sólheima).

Fornleifaskráning



Mynd 26. Gamli bærinn á Sólheimum. Lengst til vinstri á myndinni er fjósið og gamli bærinn fyrir miðju. (Ljósmynd í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.)

SV en á framhúsi úr timbri sem reist var árið 1922 snéri langhliðin fram á hlaðið (BS IV: 354).

Aðrar upplýsingar

Gamli bærinn á Sólheimum var jafnaður við jörðu árið 2004 (BS IV: 354). Í brunabótamati frá 1934 fylgja eftirfarandi hús bænum: framhús (b. 1922), bæjardyr, skáli, eldavélarhús, búr, eldhús [Um miðja 20. öld voru eldhús og hlóðaeldhús gegnt hvort öðru og líklega er átt hér við hlóðaeldhúsið (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11)], göng, 2 skemmur og kofi. Veggir voru úr torfi og grjóti og torfþök á húsum (Brunabótamat 1934, varðveitt í Hsk.). Í örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar segir: „Snúruhóll nefndist fallegur hóll sunnan við bæinn (gamla) og þar sunnan við er lækurinn.“ (ÖRI, 13). Miðað við staðsetningu hólans er ekki ólíklegt að þarna hafi verið öskuhóll bæjarins sem nú hefur verið sléttaður. Heimildamaður mundi vel eftir hólnum og taldi ekki ólíklegt að þetta hefði verið öskuhóll (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11).



Mynd 27. Lengst til hægri má sjá fjósið og fjóshlöðuna sunnan þess. Mynd í eigu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.

Sólheimar - 1

Sérheiti: Sólheimar

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamli bærinn stóð um 50m NA af íbúðarhúsinu á Sólheimum.

Lýsing

Gamli bærinn var rifinn árið 2004 og eru einu ummerki hans 10-40sm djúp dæld og steypur grunnur bragga sem var NV við bæ (líklega reistur 1954 skv. Fasteignamati frá 1965; Akrahreppur II. nr. 5706, varðveitt í Hsk.). Burstir snéru fram á hlað eða til

Sólheimar - 2

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Fjósið stóð um 70m NNV af gamla bænum, um staðsetningu þess segir í Byggðasögu Skagafjarðar: „Fjósið í Sólheimum stóð spölkorn út frá gamla bænum, yst í gamla túninu.“ (BS IV: 356).

Lýsing

Búið er að rífa fjósið og það að mestu horfið en tvær steypar þrær (gerð 1935 skv. Fasteignamati frá 1965;

Akrahreppur II. nr. 5706, varðveitt í Hsk.) eru enn þar sem fjósið stóð. Samkvæmt heimildamanni snéri fjósi austur/vestur og snéru dyrnar mót vestri (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11).

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu Fasteignamatnefndar frá 1965 er getið um fjós fyrir 8 kýr, sagt gamalt torfhús (Byggingarár 1929). Fjósið er einnig sýnt á túnakorti frá 1919.



Mynd 28. Horft til suðvesturs yfir Fjóslindina og heim að bæ á Sólheimum. Fjósið stóð um það bil fyrir miðri mynd.

Sólheimar - 3

Sérheiti: Fjóslindin/Lindin

Hlutverk: Vatnsból,
Álagablettur

Tegund: Lind

Staðhættir

Tæplega 120m NNA af íbúðarhúsinu og rúma 30m austur af heimreiðinni er lind og utan um hana grjóthleðsla.

Lýsing

Norðan við fjósið (nr. 2) er lind með volgu vatni (sjá nánar aðrar upplýsingar) og umhverfis hana er grjóthleðsla sem ekki virðist gömul.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjósið í Sólheimum stóð spölkorn út frá gamla bænum, yst í gamla túninu. Norðan og austan við fjósið var upphlaðin lind, um 18 gráðu volg [...]. Þangað var kúnum daglega hleypt út í vatn á veturna. Pollurinn var röskur metri á breidd og nokkurra metra langur. Uppspretta var í efri enda laugarinnar og þar fraus aldrei.“ (BS IV: 356). Jóhönnu Bjarnadóttur húsfreyju á Sólheimum dreymdi konu sem sagði henni að hugsa vel um Fjóslindina og hreinsa hana árlega síðasta sumardag og átti það að tryggja góða heilsu kúnna, en munnmæli eru um ábúanda fyrri tíðar sem fór ekki að þessu og hefndist fyrir (sjá Byggðasögu Skagafjarðar, bls. 356).

Sólheimar - 4

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1919 eru sýnd tvenn peningshús norðan við bæinn.

Lýsing

Húsin eru bæði horfin en í Brunabótamati frá 1934 er teikning sem sýnir að tvær skemmur og kofi (hesthúskofi fyrir 3 hross, sjá myndatexta í BS IV: 354) hafi verið áföst bænum að norðan og líklega eru skemmurnar þau hús sem merkt eru á túnakortinu (Brunabótamat 1934, varðveitt í Hsk.). Um miðja 20. öld var skemma norðan við bæinn og norðan hennar var kominn braggi (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11) líklega þar sem nyrðri skemman og hesthúskofinn voru.

Sólheimar - 5

Hlutverk: Skemma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1919 eru sýnd tvenn peningshús norðan við bæinn.

Lýsing

Húsin eru bæði horfin en í Brunabótamati frá 1934 er teikning sem sýnir að tvær skemmur og kofi (hesthúskofi fyrir 3 hross, sjá myndatexta í BS IV: 354) hafi verið áföst bænum að norðan og líklega eru skemmurnar þau hús sem merkt eru á túnakortinu (Brunabótamat 1934, varðveitt í Hsk.). Um miðja 20. öld var skemma norðan við bæinn og norðan hennar var kominn braggi (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11) líklega þar sem nyrðri skemman og hesthúskofinn voru.

Sólheimar - 6

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1919 eru sýnd tvenn peningshús norðan við bæinn.

Lýsing

Húsin eru bæði horfin en í Brunabótamati frá 1934 er teikning sem sýnir að tvær skemmur og kofi (hesthúskofi fyrir 3 hross, sjá myndatexta í BS IV: 354) hafi verið áföst bænum að norðan og líklega eru skemmurnar þau hús sem merkt eru á túnakortinu (Brunabótamat 1934, varðveitt í Hsk.). Um miðja 20. öld var skemma norðan við bæinn og norðan hennar var kominn braggi (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11) líklega þar sem nyrðri skemman og hesthúskofinn voru.

Sólheimar - 7

Hlutverk: Fjánhús


Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1919 eru sýnd penings hús um 90m NV af bæ en samkvæmt heimildamanni stóðu þar fjánhús (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11).

Lýsing

Fjánhúsin voru úr torfi og grjóti og síðar reist við þau braggi (líklega reistur 1953 skv. Fasteignamati frá 1965; Akrahreppur II. nr. 5706, varðveitt í Hsk.) og síðar voru reist við þau önnur fjánhús (líklega reistur 1961 skv. Fasteignamati frá 1965; Akrahreppur II. nr. 5706, varðveitt í Hsk.). Torfhúsin eru horfin n einn steypur veggur stendur eftir af yngri húsunum. Punktur er tekinn af túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju.



Sólheimar - 8

Hlutverk: Óþekkt, kvíar, kofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efst á grónum hóli, tæplega 200m NA af bæ er tóft.


Lýsing

Tóftin snýr nálega austur/vestur og er 9x13m að utanmáli. Veggir eru grasi grónir, 10-40sm á hæð, lægstir til austurs þar sem veggur er óverulegur, mesta breidd veggja er um 2m. Dyr eða hlið hefur að líkindum verið á suðurvegg þar sem að rof er í tóftarvegg.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „Þá er efst í túninu Húsahóll eða Kvíahóll.“ (ÖFH: 1). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli þjóðvegurinn lá ofan túns á Sólheimum og 2007 standa enn steiptir hliðstólpar neðan hans, sitthvoru megin traðarinnar niður að bænum. Rétt neðan við

hliðið voru kvíarnar á hólkoli [...] og sjást þeirra enn glögg merki.“ (BS IV: 356).



Sólheimar - 9

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan í grónum hóli, rúma 170m NNA af bæ er grasi gróin tóft.

Lýsing

Tóftin er 4x6m að utanmáli og snýr norður/suður. Engar dyr eru greinanlegar en veggbreidd er um 40-60sm og hæð þeirra er 10-30sm.

Sólheimar - 10

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Á norðanverðum skurðbakka, tæplega 150m norðaustur af íbúðarhúsinu á Sólheimum er niðurgroftur.

Lýsing

Niðurgrofturinn er 3x5m að ummáli, 20-30sm djúpur og grasi gróinn en kantar nokkuð þýfðir. Hlutverk og aldur er óviss.

Sólheimar - 11

Hlutverk: Matjurtagarðar

Tegund: Garðlag

Staðhættir


Á túnakorti frá 1919 er tekið fram í skýringum að matjurtagarðar séu 300 flatarstíkur, en garðarnir eru hins vegar ekki teiknaðir inná kortið sjálft. Á norðanverðum bæjarlæknum um 250m ANA af íbúðarhúsinu er matjurtagarður.

Lýsing

Garðlagið er í halla mót suðri, 15x26m að utanmáli. Það er algróið grasi, 20-50sm hátt og mest um 120sm breitt.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók frá árinu 1918 er matjurtagarður sagður 80 ferfaðmar (Jarðalýsing 1918).



Sólheimar - 12

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft


Hættumat: Tóftinni stafar hætta vegna rasks.

Staðhættir

Á norðanverðum bæjarlækjarbakkanum, austur af elsta akveginum, rúmlega 210m ANA af íbúðarhúsinu er tóft.

Lýsing

Tóftin er í tveimur hlutum skorin í sundur af girðingu sem liggur þvert yfir tóftina og sléttað hefur verið undir. Hún snýr nálega austur/vestur, um 7x12m að utanmáli og hafa dyr að líkindum snúið til vesturs. Veggir eru 30-50sm háir og mest um 2,5m á breidd.



Sólheimar - 13

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft er á syðri bæjarlækjarbakkanum, þar sem lækurinn rennur frá austri til vesturs, syðst í gamla túninu, tæpa 150m austur af íbúðarhúsinu á Sólheimum.

Lýsing

Tóftin snýr frá ANA til VSV og er 9x13m að utanmáli. Búið er að slétta túnið þar sem tóftin er en enn sést móta fyrir útbrúnum tóftar og dældir á milli þeirra, en örlítið veggjabrot er við NA horn tóftar. Hlaða eða heytóft hefur verið til ANA. Dældirnar eru um 10sm djúpar en veggjabrot við NA horn er um 20sm hátt. (Sjá teikningu aftar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Efst í túni Litlu-Sólheima [...] voru lengi fjárhús frá Sólheimum. Þau voru fallin 1978 en hlaðan stóð enn uppi.“ (BS IV: 359). Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir:

„Sunnan við bæjarlækinn er kallað Suðurtún, áður Litlu-Sólheimatún [...]. Á Suðurtúni er lítið kindahús, sem kallað var Gvendarhús eftir marka-Guðmundi.“ (ÖFH: 1). Í skýrslu Fasteignamatnefndar frá 1965 er getið um heyllöðu 80m³, gömul torfhlaða (Byggingarár 1929) (Fasteignamat 1965; Akrahreppur II. nr. 5706, varðveitt í Hsk.).

Sólheimar - 14

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóft er á syðri bæjarlækjarbakkanum, þar sem lækurinn rennur frá austri til vesturs, syðst í gamla túninu, tæpa 150m austur af íbúðarhúsinu á Sólheimum er fjárhústóft og 20m austan hennar mögulega tóftaleifar. (Sjá teikningu aftar í skýrslu).

Lýsing

Tóftin sem mögulega er náttúrumyndun í þýfðu landslagi snýr NA/SV og er um 4x7m að utanmáli. Veggjahæð er 10-30sm og mesta breidd um 1m. Hún er grasi gróin og meintir veggir þýfðir.

Sólheimar - 15

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan við réttina (nr. 17) og tæpa 140m suðaustur af íbúðarhúsinu er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr nálega austur/vestur með hlöðu til austurs tvístæð hús til vesturs, það syðra greinilega með garða en garði var einnig í nyrðra húsinu samkvæmt heimildamanni (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11). Tvennar dyr hafa verið og snúið mót vestri (VSV).

Tóftin er 13x18m að utanmáli, veggir 20-40sm háir og mest um 2m á breidd. Hún er grasi gróin en það sér í grjóthleðslur í veggjum, einkum í innbrúnum og framhlið. Á milli fjárhúsa og hlöðu er lægð 1x12m að ummáli. (Sjá teikningu aftar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Efst í túni Litlu-Sólheima [...] voru lengi fjárhús frá Sólheimum. Þau voru fallin 1978 en hlaðan stóð enn uppi. Niður frá suðvesturhorni fjárhústóftanna er stór réttartóft, ferköntuð með voldugum veggjum [...]“. (BS IV: 359-360).

Sólheimar - 16

Hlutverk: Fjárhús og hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir


Tæplega 30m austur af fjárhústóft nr. 15 voru peningshús sem sýnd eru á túnakorti frá 1919.

Lýsing

Samkvæmt heimildamanni voru þar sambyggð fjárhús og hesthús með heytóft (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11). Búið er að slétta yfir húsin og þau horfin. Húsin voru skráð af hnitsettu túnakorti sem sett var yfir loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 10m skekkju. (Sjá teikningu aftar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Húsin voru um miðja 20. öld í eigu Sigurðar Helgasonar, tóku 20-30 kindur og 2-3 hesta og voru í notkun fram á 6. áratug síðustu aldar (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11).



Sólheimar - 17

Hlutverk: Rétt

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Við suðurjaðar gamla túnsins á Sólheimum er rétt sem byggð er upp við túngarðinn til SA.

Lýsing

Réttin snýr samsíða túngarðinum frá NA-SV, hún er 20x48m að utanmáli. Hæð veggja er frá 30-70sm, þeir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur bæði í út- og innveggjum en þeir síðarnefndu eru fallnir og fremur óljósir að lögun. SA-langveggur er stæðilegastur. Inn í réttinni til NA er ferhyrnd vegghleðsla eða tóft 11x12m að utanmáli og til SV eru veggjalög sem liggja samsíða tóftinni og eru um 13m á lengd, mögulega dilkar.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Efst í túni Litlu-Sólheima [...] voru lengi fjárhús frá Sólheimum. Þau voru fallin 1978 en hlaðan stóð enn uppi. Niður frá suðvesturhorni fjárhústóftanna er stór réttartóft,

ferköntuð með voldugum veggjum, um 20 m breið og um 42 m á lengd austur/vestur, grafin

niður í stóra dæld. Innrekstrarhlið er að neðan í norðvesturhorni en annað ofan til að sunnan. Annar ferningur minni virðist innan í hinum og á einum stað þar virðist eins og dys eða húsgrunnur þar innan í, 2x3 m að stærð [...]. Þessar tóftir munu vera minjar um forna skilarétt, líklega mörg hundruð ára gamla. Norðurveggur réttarinnar er jafnframt suðurveggur hins forna túngarðs sem liggur þarna uppeftir.“ (BS IV: 359-360).

Sólheimar - 18

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag, tóft

Staðhættir

Við suðurjaðar gamla túnsins á Sólheimum er rétt sem byggð er upp við túngarðinn til SA.

Lýsing

Inn í réttinni (nr. 17) til NA er ferhyrnd vegghleðsla eða tóft, grasi gróin, 11x12m að utanmáli og veggjahæð er um 30sm. Innan hennar er önnur hleðsla 3x3m að utanmáli en ritstjóri Byggðasögu telur þar geta verið hústóft eða dys en um hlutverk verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn (Sjá mynd frammar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Efst í túni Litlu-Sólheima [...] voru lengi fjárhús frá Sólheimum. Þau voru fallin 1978 en hlaðan stóð enn uppi. Niður frá suðvesturhorni fjárhústóftanna er stór réttartóft, ferköntuð með voldugum veggjum, um 20 m breidd og um 42 m á lengd austur/vestur, grafin niður í stóra dæld. Innrekstrarhlið er að neðan í norðvesturhorni en annað ofan til að sunnan. Annar ferningur minni virðist innan í hinum og á einum stað þar virðist eins og dys eða húsgrunnur þar innan í, 2x3 m að stærð [...]. Þessar tóftir munu vera minjar um forna skilarétt, líklega mörg hundruð ára gamla. Norðurveggur réttarinnar er jafnframt suðurveggur hins forna túngarðs sem liggur þarna uppeftir.“ (BS IV: 359-360).

Sólheimar - 19

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Túngarður er enn að hluta sunnan við gamla túnið og liggur hann niður túnið frá norðaustri til suðvesturs.

Lýsing

Garðurinn er alls 120m langur og mest um 3m á breidd en hann er nokkuð hruninn. Hæð veggja er frá 30-70sm, þeir eru að mestu grónir en sér í grjóthleðslur við NA enda. Túngarðurinn er einnig NV langveggur réttar (nr. 17). (Sjá mynd frammar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þessar tóftir [nr. 17] munu vera minjar um forna skilarétt, líklega mörg hundruð ára gamlar. Norðurveggur réttarinnar er jafnframt suðurveggur hins forna túngarðs sem liggur þarna uppeftir. Túngarðurinn er aðeins sjáanlegur niður að sunnan. [...] Tún Litlu-Sólheima virðist geta hafa verið a.m.k. einir tveir hektarar [...]“ (BS IV: 360).

Sólheimar - 20

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir og lýsing

Um 50m norðan við réttina (nr. 17), um miðja vega milli hennar og Sólheimalækjar er smá hóll um 6-7m að þvermáli þar sem virðist hafa verið eitthver mannvirki. Engar veggjaleifar eru þó greinanlegar. (Sjá mynd frammar í skýrslu).

Sólheimar - 21

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst í gamla túninu á Sólheimum, norðan við túngarðinn (nr. 19) er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur nokkurn veginn samsíða túngarðinum frá NA til SV nema við SV enda sveigir hún örlítið til V. Hún er algróin, 6x10m að utanmáli, tvískipt og gengt á milli hólfa en engar dyr eða hlið eru greinanlegar á tóftinni. Hæð veggja er 20-50sm, lægstir til NA og mest breidd um 1,5m. Hlutverk er óvíst útlit bendir til að líklega sé þetta gripahús með hlöðu/heyttóft til NA eða stekkur með kró til NA. (Sjá mynd frammar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Rétt fyrir neðan [tóftasvæði nr. 23] er hóll sem búið er að slétta en þó er ósnert tóft syðst á honum, alveg suður við garðinn. Smáhús er lítur út eins og stekkur [...] (BS IV: 360).

Sólheimar - 22

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hóll

Staðhættir og lýsing

Tæplega 20m NV af tóft nr. 21 er svæði, smá bunga í túninu, 12x20m að utanmáli þar sem líklega hafa staðið mannvirki áður en túnið varð sléttað, engin veggjalög eru greinanleg. (Sjá mynd frammar í skýrslu).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[...] þó er ósnert tóft [nr. 21] syðst á honum, alveg suður við garðinn. Smáhús er lítur út eins og stekkur og norður frá þessari tóft hafa áreiðanlega verið byggingar.“ (BS IV: 360).

Sólheimar - 23

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Mannvistarleifar

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[...] tún Litlu-Sólheima hafur verið sléttað með vélum og þar með jafnaðar út margar húsatóftir. Tóftasvæði eru samt nokkur greinanleg. Vafalaust er tóftahóll utan við norðvesturhorn réttarinnar [...]. Þarna sér þó ekki móta fyrir neinum tóftum enda búið að slétta.“ (BS IV: 360).

Lýsing

Ekkert sást á yfirborði þegar skráð var sumarið 2010 en hnit voru fengin úr Byggðasögu Skagafjarðar. (Sjá mynd frammar í skýrslu).

Sólheimar - 24

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Heimild

Staðhættir

Á túnakorti frá 1919 má sjá tóft í SV horni gamla túnsins eða á syðri bæjarlækjarbakkanum rúma 90m suður af íbúðarhúsinu á Sólheimum.

Lýsing

Ekkert sér eftir af minjum en þarna er nú sléttað tún. Punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti sem lagt hefur verið yfir loftmynd og gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.



Sólheimar - 25

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grænni laut sem er á milli mela um 540m SA af bæ eru tvennar tóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin snýr nálega austur/vestur með hlið á suðvestur horni og er um 6x9m að utanmáli. Veggir eru grasi og mosa grónir, hlaupnir í þúfur, 60-100sm að utanmáli og mesta breidd þeirra er um 2m.

Sólheimar - 26

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í grænni laut sem er á milli mela um 540m SA af bæ eru tvennar tóftir.

Lýsing

Sunnan við tóft nr. er óljós og illgreinanleg nánast hringlaga tóft sem er um 5m að þvermáli. Veggir, 20-40sm háir, eru grasi grónir og þýfðir. Ekki er ólíklegt að þetta sé

mótóft en mógrafir eru innan við 20m suður af tóftinni.

Sólheimar - 27

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í grænni laut sem er á milli mela um 540m SA af bæ eru tvennar tóftir og 15m suður af þeim eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafarsvæðið er óreglulegt að lögun en liggur VNV/ASA og er alls um 850m² og dýpt er 20-130sm.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 er torfrista og stunga sögð góð en reiðingsrista nærri eydd vegna leirskriða úr fjalli (JÁM IX: 170). Í jarðabók frá árinu 1849 er torfrista sögð mjög lítil (Jarðabók 1849 nr. 248).

Sólheimar - 28

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir


Austast í gróinni laut eða dragi um 100m suður af Sólheimalæk og tæplega 500m austur af bæ er stekkjartóft.

Lýsing

Tóftin snýr frá SV til NNA og er tvískipt með kró til N en rétt til SV og er hlið á henni til sömu áttar. Innangengt virðist vera á milli réttar og króar. Tóftin er grasi gróin, veggir þýfðir, 40-70sm háir og mest um 1,5m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[...] lítill stekkur er nokkurn spöl sunnan við lækinn [Sólheimalæk] í Grænulaut [...] sem er neðan undir norðurenda Langamels en hann má kalla efsta hluta þess melasvæðis sem kallast einu nafni Sólheimamelar.“ (BS IV: 357).



Mynd 29. Varða á Hádegishóli fremst á mynd en Sólheimar í baksýn til norðvesturs.

túnið, minnir mig að lítið smásund þar sé kallað Klauf og melhóll með vörðu, Hádegishóll.“ (ÖFH: 1).

Sólheimar - 29

Sérheiti: Hádegishóll

Hlutverk: Eyktarmark

Tegund: Varða

Staðhættir og lýsing

Á fremur stórgrýttum en lyngi vöxnum melhól um 670m ANA af bæ er varða, um 1x1m að grunnfleti og um 80-100sm há.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Friðriks

Hallgrímssonar frá 1978 segir:

„Sunnan við bæjarlækinn er kallað Suðurtún, áður Litlu-Sólheimatún [...]. Melar og mýrarsund eru sunnan við



Mynd 30. Horft yfir vörðu nr. 30 til norðvesturs.

Sólheimar - 30

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Efst á lyngi vöxnum en fremur stórgrýttum melhóli um 670m ASA af bæ er varða.

Lýsing

Hún er um 1x1m að grunnfleti og 80-100sm á hæð.

Sólheimar – 31

Sérheiti: Stekkjarás

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir


Sunnan undir Stekkjarás (sjá aðrar upplýsingar) en norðan við Sólheimalæk, um 700m austur (og eilítið norður) af bæ er stekkjartóft í aflíðandi brekku mót suðri.

Lýsing


Tóftin liggur í vinkel frá norðri til austurs 10x13m að utanmáli. Réttin er til vesturs en snýr norður/suður og hefur hlið verið á henni til suðvesturs. Króin er til austurs og hefur hlið á henni snúid til sömu áttar. Veggir eru hrundir, 10-40sm háir og mest rúmlega 2m á breidd. Tóftin er algróin grasi en það sér í grjóthleðslur í veggjum. Norðurveggur er hlaðinn upp við brekkuna til norðurs.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stekkjjarás heitir framhald Ássins í Miðsitjulandi og nær suður að Sólheimalæk. Er það fyrsta verulega brekkan, talsverðan spöl ofan við gamla túnið. Ekki eru þar sjáanlegar stekkjartóftir í fljótu bragði en lítill stekkur er nokkurn spöl sunnan við lækinn í Grænulaut [...]“ (BS IV: 357). Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „Norðan við Bæjarlækinn eru þrjú örnefni: Stekkjarbrekka, gamlar tóftarleifar, [...]“ (ÖFH: 2).



Fjallhús



Sólheimar - 32

Sérheiti: Fjallhús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjallhús nefnist beitarhúsatóft í svonefndri Fjallhúsamýri sem er neðan undir Björgunum (BS IV: 357) rúmlega 1100m austur (og örlítið til norðurs) af bæ.

Lýsing

Tóftin snýr ANA/VSV og er 12x20m að utanmáli, tvístæð fjárhús með gördum og hlöðu eða heytóft til ANA. Tóftin er grasi gróin og sér í grjót í hleðslum einkum í innveggjum og gördunum. Hæð veggja er 20-40sm og mesta breidd er til suðurs þar sem veggur er mjög hruninn en veggir annars 1-2m.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á þessu svæði [í Fjallhúsamýri niður undan Björgunum] eru Fjallhúsin [...], gamalt beitarhúsastæði frá Sólheimum [...] Þarna voru beitarhús Sólheimamanna á seinni öldum, tvö

fjárhús samstæð sem tóku samanlagt allt að 100 kindum. [...] voru þau í notkun fram um aldamótin 1900.“ (BS IV: 357). Byrjað var að endurhlaða grunn húsanna árið 1931 en aldrei lokið við uppbyggingu þeirra (BS IV: 357).

Sólheimar - 33

Sérheiti: Fjallhús

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Fjallhús nefnist beitarhúsatóft í svonefndri Fjallhúsamýri sem er neðan undir Björgunum (BS IV: 357) rúmlega 1100m austur (og örlítið til norður) af bæ. Beitarhúsatóftin er umlukin garði nálega allan hringinn nema á kafla til suðvesturs.

Lýsing

Garðurinn er alls 170m á lengd, 30-80sm á hæð og mest um 3m á breidd. Hann er grasi gróinn, stórpýfður eins og umhverfi hans bæði utan garðs og innan. Hann er rofinn á köflum og á a.m.k. tveimur stöðum sést í grjót neðst í veggnum þar sem hann er rofinn. Hann hefur líklega að mestu verið hlaðin úr torfi en grjót verið neðst í honum. (Sjá mynd að framan).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Athygli vekur að umhverfis húsahólinn er mjög forn vallargarður eins og tíðkaðist að byggja um býli á þjóðveldisöld. Landið innan hans er mikið krappapýfi og verða hvergi greindar fleiri húsatóftir innan gerðis. Garðurinn vekur

grunsemdir um að þarna hafi um eitthvert skeið verið búseta fólks því mjög var það óvenjulegt að byggja túngarð utan um beitarhús.“ (BS IV: 357).



Mynd 31. Fyrir miðju myndar er Syðri-Sneiðingur sem liggur upp á Björgin sunnarlega í landi Sólheima.

Blautaklöpp, þá Syðri-Sneiðingur, þá klapparlækur, þá Sólheimalækjarfoss og Fossgrund þar neðan við. Þá kemur Sólheimavarða, rétt ofan við fossinn, haglega hlaðin, síðan Ytri-Sneiðingur.“ (ÖFH: 2).

Sólheimar - 34

Sérheiti: Syðri-Sneiðingur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Tæplega 1300m austur (og aðeins til suðurs) er gata sem liggur upp á svo nefnd Björg. Gatan er 170sm löng og liggur frá norðri og niður til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „Framan í þeim [Björgum] er syðst í Sólheimalandi



Mynd 32. Fyrir miðri mynd hlykkjast Ytri-Sneiðingur upp Björgin og til vinstri við hann er Sólheimalækjarfoss.

Sólheimar - 35

Sérheiti:

Ytri-Sneiðingur

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Ytri-Sneiðingur nefnist gata sem liggur niður Björgin (sjá ÖFH: 2) tæplega 260m löng. Að ofan byrjar hún tæpa 15m suður af Sólheimavörðu og liggur þaðan til vesturs og norðvesturs, beygir svo skarpt til hásuðurs og svo aftur til norðurs og er þá komin á flatlendið neðan Bjarganna.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „Framan í þeim [Björgum] er syðst í Sólheimalandi Blautaklöpp, þá Syðri-Sneiðingur, þá klapparlækur, þá Sólheimalækjarfoss og Fossgrund þar neðan við. Þá kemur Sólheimavarða, rétt ofan við fossinn, haglega hlaðin, síðan Ytri-Sneiðingur. Þá taka við í Björgum, Húsalágar, stór flái út að Húsakletti upp undan Fjallhúsunum, þá norðasta örnefnið í Björgum: Merkiklettur við merki Miðsitju og

Sólheima.“ (ÖFH: 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fram og upp frá Fjallhúsum liggja gamlir götusneiðingar upp á brún Bjarganna.“ (BS IV: 357).



Mynd 33. Horft fram af Björgunum til vesturs og er Sólheimavarða fyrir miðri mynd.

Sólheimar – 36

Sérheiti: Sólheimavarða

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Varða

Staðhættir

Fram á klettabelti um 1450m austur af bæ er varða.

Lýsing

Varðan er stæðileg og hleðslan heilleg um 170sm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fram og upp frá Fjallhúsum liggja gamlir götusneiðingar upp á brún Bjarganna. Þar uppi er Sólheimavarða á

lágu klettabelti skammt utan við Sólheimalæk sem steypist þar fram af Björgunum.“ (BS IV: 357).

Efri-Fjallhús

Sólheimar - 37

Sérheiti: Efri-Fjallhús

Hlutverk: Beitarhús/sel?


Tegund: Tóft

Staðhættir

Uppi á Brúnum á grónum stelli upp undir svonefndum Miðhjalla rúmlega 1500m austur af bæ eru þrennar tóftir.

Lýsing

Tóftin er 10x13m að utanmáli og skiptist í þrjú hólf og virðist syðsta hólfid vera tvískipt og stendur nokkuð hærra en hin og er óljósara, mögulega myndað af hrun úr vegg. Aðeins einar dyr eru greinilegar á vestur skammvegg og snúa til suðvesturs. Hæð veggja er 30-50sm og breidd mest um 2m. Tóftin stendur á smá upphækkun og virðist vera byggð á eldri minjum. Í Byggðasögu Skagafjarðar setur höfundur fram þá tilgátu að þarna hafi verið sel sem síðar var breytt í beitarhús (BS IV: 357-358) og er það mögulegt en verður ekki fullýrt nema með frekari rannsóknum.



Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Um 150m sunnar [en Sólheimavarða] fellur Klapparlækur niður og er væn gróðurtunga á milli þeirra. Á henni, upp undir Miðhjallanum, eru tóftarminjar í 250 m hæð, um það bil 180 m suður og upp frá Sólheimavörðu. Á dálitlum hól er tóftasvæði u.þ.b. 9x11 m á stærð. Þar kann að vera beitarhúsatóft [...] en í henni framanverðri er dálítill grjóthrúga eins og þar hafi seinna verið hlaðið smalabyrgi innan veggja. [...] Sú hugsun hvarflar að byggðasöguritara að þarna hafi verið selstaða, neðri tóftin kvíar en sú efri selkofar sem síðar hafi verið breytt í beitarhús. [...] Í örnefnaskrá er þessi staður nefndur Efri-Fjallhús en ábúendur frá miðri 20. öld notuðu ekki það nafn.“ (BS IV: 357-358). Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „[...] rétt norðan hans [Klapparlækur/Húsalækjar] uppi á Björgum sést fyrir stórum fjárhústóftum, grónum enn gulnar bletturinn kringum þær af sóleyjum, voru kölluð Efri-Fjallhús, spölkorn norðan þeirra rennur Sólheimalækur.“ (ÖFH: 2).

Sólheimar - 38

Sérheiti: Efri-Fjallhús

Hlutverk: Óþekkt, smalabyrgi?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Uppi á Brúnum á grónum stalli upp undir svonefndum Miðhjalla rúmlega 1500m austur af bæ eru þrennar tóftir.

Lýsing

Ofan á tóft sjá nr. 37 er yngri grjóthlaðin tóft, 1,5x2m að utanmáli með 10-30sm háum veggjum, hún er opin til suðurs. (Sjá teikningu að framan).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fram og upp frá Fjallhúsum liggja gamlir götusneiðingar upp á brún Bjarganna. Þar uppi er Sólheimavarða á lágu klettabelti skammt utan við Sólheimalæk sem steypist þar fram af Björgunum. Um 150m sunnar fellur Klapparlækur niður og er væn gróðurtunga á milli þeirra. Á henni, upp undir Miðhjallanum, eru tóftarminjar í 250 m hæð, um það bil 180 m suður og upp frá Sólheimavörðu. Á dálitlum hól er tóftasvæði u.þ.b. 9x11 m á stærð. Þar kann að vera beitarhúsatóft [...] en í henni framanverðri er dálítill grjóthrúga eins og þar hafi seinna verið hlaðið smalabyrgi innan veggja.“ (BS IV: 357).

Sólheimar - 39

Sérheiti: Efri-Fjallhús

Hlutverk: Óþekkt, kvíar?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á grónum stalli upp undir svonefndum Miðhjalla rúmlega 1500m austur af bæ eru þrennar tóftir.

Lýsing

Tæplega 10m SV af tóftum nr. 37 og nr. 38 er tvískipt tóft, 6x14m að utanmáli og snýr frá NA til SV. Minna hól, hugsanlega heytóft eða hlaða er til NA en stærra hól til SV og líklega hafa verið á því dyr sem snúið hafa mót SV. Tóftin er grasi gróin, veggir 50-70sm háir og mest um 2m á breidd. Hlutverk er óvíst en mögulegt er að tóftin sé af kvíum sem styrkir þá tilgátu höfundar Byggðasögu Skagafjarðar að þarna hafi verið selstaða á einhverjum tíma (BS IV: 357-358). (Sjá teikningu að framan).

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „[...] upp undir Miðhjallanum, eru tóftarminjar í 250 m hæð, um það bil 180 m suður og upp frá Sólheimavörðu. Á dálitlum hól er tóftasvæði u.þ.b.

9x11 m á stærð. Þar kann að vera beitarhúsatóft [...] en í henni framanverðri er dálítill grjóthrúga eins og þar hafi seinna verið hlaðið smalaþyrgi innan veggja. Sunnan undir eru eldri tóftarminjar. Nokkrum metrum sunnar og neðar er önnur tóft, aflöng [...], um 12 m á lengd en 5-6 m á breidd, veggir mjög útflattir. Þetta geta vel verið minjar beitarhúsa en líka er möguleiki að þarna hafi verið kvíar. Sú hugsun hvarflar að byggðasöguritara að þarna hafi verið selstaða, neðri tóftin kvíar en sú efri selkofar sem síðar hafi verið breytt í beitarhús.“ (BS IV: 357).

Sólheimar - 40

Sérheiti: Vörðumelur/Vörðuás

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Varða

Staðhættir

Efst á grýttum mel á merkjum Sólheima og Miðsiðju, um 880m NA af íbúðarhúsinu á Sólheimum er varða.

Lýsing

Varðan er sæmilega stæðileg þó hleðslan virðist að hluta hrunin. Hún er um 1x1m að grunnmáli og 70sm há.

Aðrar upplýsingar

Í landamerkjabréfi Sólheima og Sólheimagerðis, dags. 1. maí 1890 segir: „[...] þaðan [úr Sólheima- og Miðsitjuengjum] réttsýnis í vörðu, er stendur á svokölluðum Vörðuás, og beint úr henni í Markklett (sem er framan í Björgunum) [...]“. (Landamerkjabréf, dags. 1. maí 1890: 1). Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „Norðan við Bæjarlækinn eru þrjú örnefni: Stekkjarbrekka [...], Merkjamelur eða Vörðumelur milli Sólheima og Miðsitju [...]“ (ÖFH: 2).

Sólheimar - 41

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 30m SA af réttinni (nr. 17) og tæplega 200m SA af íbúðarhúsinu er tvískipt, ógreinileg tóft. (Sjá mynd frammar í skýrslu).

Lýsing

Tóftin er 4x11m að utanmáli og liggur nálega NA/SV. Hún er grasi gróin og stendur á sléttum grónum hóli sunnan við túngirðinguna. Austurhluti tóftar er um 40sm lægri og er með gleggri innbrúnum. Veggir eru annars um 10-30sm háir og um 50-150sm á breidd.

Sólheimar - 42

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Vegslóði

Staðhættir

Gamla heimreiðin hefur legið norðan við norðurenda gamla bæjarins og upp til norðurs og svo norðausturs þar sem hann kom inn á gamla þjóðveginn (akvegur).

Lýsing

Þarna er enn akfær slóði og steyptir hliðarstólpar standa ennþá en óvíst er hversu lengi hún hefur legið á þessum stað en ekki er ólíklegt að gömlu reiðgötturnar hafi verið á svipuðum slóðum ofan bæjar þar sem þurrt var.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Gamli þjóðvegurinn lá ofan túns á Sólheimum og 2007 standa enn steyptir hliðstólpar neðan hans, sitthvoru megin traðarinnar niður að bænum.“ (BS

IV: 356). Seinna lá heimreiðin til suðvesturs og svo vesturs norðan við bæjarlækinn niður að þjóðvegi (Sigurður Hansen, munnleg heimild 25.01.11).

Horfnar minjar og óstaðsettar



Mynd 34. Lengst til hægri fyrir miðri mynd sést í torfhús sem ekki er merkt á túnakorti frá 1919. Myndin er í eigu Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Sólheimar - 43

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Lengst til hægri á myndinni hér til hliðar er torfhús sem ekki er á túnakorti frá 1919.

Lýsing

Hlutverk hússins er óþekkt og heimildamaður mundi ekki eftir húsinu en hann dvaldist um tíma á Sólheimum fyrir miðja 20. öld (Munnleg heimild, Sigurður Hansen, 17.02.11).

Sólheimar - 44

Hlutverk: Bænhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Heimildir eru um bænhús á Sólheimum (sjá aðrar upplýsingar) en ekki er vitað hvar það stóð og verður staðsetning þess ekki ákvörðuð nema með frekari rannsóknum. Kirkjur og bænhús voru jafnan heima við bæi og hafi bærinn ekki verið færður til má gera ráð fyrir að kirkjan hafi verið skammt þar frá.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bænhús var á Sólheimum í kaþólskum sið. Er það nefnt í máldögum Miklabæjarkirkju frá 1394, 1405, 1461 en 1432 er bænhúsið á Sólheimum talið liggja undir Víðivallakirkju.“ (BS IV: 356). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713 segir: „Bænhús hefur hér verið eður hálfkirkja og sést hér til kirkjugarðsleifa, stendur húsið enn. Ekki hafa hér verið tíðir fluttar í manna minni.“ (JÁM IX: 170). Ekki er vitað hvar bænhúsið hefur staðið (BS IV: 356).

Sólheimar - 45

Hlutverk: Kirkjugarður

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Heimildir eru um bænhús og kirkjugarð á Sólheimum (sjá aðrar upplýsingar) en ekki er vitað hvar hann var og verður staðsetning hans ekki ákvörðuð nema með frekari rannsóknum. Líklegt má telja að kirkjugarðurinn hafi verið við bænhúsið.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bænhús var á Sólheimum í kaþólskum sið. Er það nefnt í máldögum Miklabæjarkirkju frá 1394, 1405, 1461 en 1432 er bænhúsið á Sólheimum talið liggja undir Víðivallakirkju.“ (BS IV: 356). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713 segir: „Bænhús hefur hér verið eður hálfkirkja og sést hér til kirkjugarðsleifa, stendur húsið enn. Ekki hafa hér verið tíðir fluttar í manna minni.“ (JÁM IX: 170). Ekki er vitað hvar bænhúsið hefur staðið (BS IV: 356).

Sólheimar - 46

Sérheiti: Byrgisgrund

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „Slakkagötur heita frá Sólheimalæk norður að Miðsitjumerkjum. eru það hestagötur gamlar ofan við og meðfram forræðismýri á Miðhjallanum. Við syðri enda götunar á lækjarbakkanum er dálítill harðvellisgrund, sem heitir Byrgisgrund. Þar eru leifar af smalabyrgi.“ (ÖFH: 2).

Lýsing

Byrgið fannst ekki við skráningu 2010.

Sólheimar - 47

Sérheiti: Litlu-Sólheimar

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Nákvæm staðsetning bæjarins, sem er horfinn, er ekki þekkt og ummerki um hann fundust ekki við vettvangsskráningu 2010. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir höfundur: „Það er [...] hyggja mín að bærinn hafi staðið á hólnum utan og ofan við sumarbústaðinn enda fellur þar lækurinn niður norðan undir hólnum.“ (BS IV: 360). Um þá tilgátu verður ekkert fullyrt nema með frekari rannsóknunum.

Aðrar upplýsingar

Litlu-Sólheimar eru forn hjáleiga frá Sólheimum. Hennar er getið í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713, þá sögð hafa verið í byggð árin 1687-1697, en í eyði síðan (JÁM IX: 171). Jörðin komst aftur í byggð árið 1830 og hélst fram til 1862 en hefur verið í eyði síðan og tilheyrir Sólheimum (BS IV: 359).

Sólheimar – 48

Sérheiti: Ullarhóll

Hlutverk: Þvottastaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Ullarhóll er tæplega 220m ANA af íbúðarhúsinu á Sólheimum, beint norður af bæjarlæknum og austur af gamla þjóðveginum.

Lýsing

Engin merki um ullarþvottastað fundust á vettvangi 2010.

Aðrar upplýsingar

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Vegslóðin [heimreiðin] liggur þarna neðan í Ullarhólnum sem er stór, gróinn hóll norðan við lækinn en nafnið til komið vegna þess að þar var ullin þvegin í læknum.“ (BS IV: 356).

Sólheimar - 49

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjabréfi Sólheima og Sólheimagerðis, dags. 1. maí 1890 segir: „Að norðan liggja merkin úr vörðu, er stendur við Héraðsvötn, og þaðan upp eftir eyrunum beint í skurð þann, er aðskilur Sólheima- og Miðsitjuengjar [...]“ (Landamerkjabréf, dags. 1. maí 1890: 1).

Lýsing

Varðan fannst ekki við skráningu 2010 og er að líkindum horfin.

Sólheimar - 50

Hlutverk: Landamerki (varða á Skollakletti)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í landamerkjabréfi Sólheima og Sólheimagerðis, dags. 1. maí 1890 segir: „[...] þaðan [úr Markklett (sem er framan í Björgunum)] beint í vörðu, er stendur á Skollakletti [...]“ (Landamerkjabréf, dags. 1. maí 1890: 1).

Lýsing

Ekki var gengið á vörðuna við skráningu sumarið 2010.

Sólheimar - 51

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í jarðabókinni frá 1713 segir: „[...] engið að neðan brjóta Héraðsvötnin svo nú er þeirra farvegur þar sem fyrir 10 árum var engið sjálft og stekkjarsæði sem þá var héðan, liggur nú fyrir vestan Vötnin, en stekkurinn stóð áður á miðju enginu.“ (JÁM IX: 170).

Lýsing

Stekkurinn er horfinn vegna landbrots Héraðsvatna.

Sólheimar - 52

Sérheiti: Slakkagötur

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „Slakkagötur heita frá Sólheimalæk norður að Miðsitjumerkjum. eru það hestagötur gamlar ofan við og meðfram forræðismýri á Miðhjallanum.“ (ÖFH: 2).

Lýsing

Göturnar voru ekki skráðar á vettvangi 2010.

Sólheimar – 53

Sérheiti: Melabyrgi

Hlutverk: Smalabyrgi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „Upp af honum [Árgilshjalla] taka við Háumelar, sunnarlega á þeim er Melabyrgi, smalabyrgi, þar sem hæst ber á og góð útsýn var fyrir smalann.“ (ÖFH: 3).

Lýsing

Byrgið var ekki skráð 2010.

Sólheimar - 54

Hlutverk: Náma

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Friðriks Hallgrímssonar frá 1978 segir: „Sunnan hans [Ullarhóls] eru Sólheimamelar, fleiri tugir hektara að flatarmáli, upp að Grafarsundi [...] örnefnið Grafarsund bendir til, að þar hafi verið hafðar eða gerðar kolagrafir.“ (ÖFH: 1-2). Friðrik vildi setja Grafarsund í samhengi við kolagrafir en nafnið gæti einnig verið dregið af mógröfum.

Lýsing

Hvorki fundust mó- eða kolagrafir á þessu svæði við skráningu sumarið 2010.

Aðrar upplýsingar

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1713 segir að móskurður hafi verið en brúkist ekki lengur þrátt fyrir að teljast vera til staðar (JÁM IX: 170).

Sólheimar - 55

Hlutverk: Vatnsból (brunnur)

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sólheimalækur fellur í dálitlu gili sunnan bæjar en örnefnaskrá getur um vatnsgóðan brunn sem verið hafi skammt ofan við bæinn.“ (BS IV: 356).

Lýsing

Brunnur fannst ekki við skráningu haustið 2010.

Samantekt

Á undanförunum árum hefur aukist meðvitund um mikilvægi menningarlandslags til kynningar á sögu lands og lýðs, jafnt fyrir Íslendingum sem og erlendum ferðamönnum. Þá er ekki einungis um að ræða söguslóðir og eða fornfræga staði heldur einnig staði sem bera vitni um gamalt verklag, byggingahætti og landnotkun. Varðveisla slíkra staða er ekki aðeins mikilvæg frá sjónarhorni fornleifafræðinga með sértæka rannsóknarhagsmuni heldur ekki síður fyrir allan almenning til að njóta umhverfisins og sögu þjóðarinnar.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Hornar minjar/staðsettar	Óstaðsettar/ óskráðar	Hornar/óstaðsettar %
Flatatunga	101	24	5	29%
Sólheimar	55	9	13	40%

Fornleifar í Flatatungu

Heildarfjöldi fornleifa í Flatatungu sem skráður var upp úr heimildum og á vettvangi voru 101. Þar af voru 24 minjar sem eru hornar en unnt var að staðsetja með tilsögn heimildamanna eða annarra gagna. Fimm minjar fundust ekki á vettvangi og ekki reyndist unnt að staðsetja þær með viðunandi nákvæmni. Hlutfall hornfinna og óstaðsettra minjar er 29%.

Flatatunga er nokkuð sérstæð að því leyti að töluvert hefur varðveist af minjum í og við tún þrátt fyrir umfangsmiklar jarðabætur á liðinni öld. Jörðin er landmikil, um 5175 ha að stærð með Tungukoti og er töluverður fjöldi minja sem tilheyra Flatatungu. Gamli bærinn (nr. 1) stóð austan við íbúðarhúsið í Tungu og er horfinn að mestu leyti nema veggjarhluti austast á gamla bæjarstæðinu sem þó tilheyrði ekki þeim bæ er síðast stóð. Sunnan við bæinn var fjós (nr. 2) sem stendur enn að hluta þó byggt hafi verið í og við það á síðari tímum. Sunnan við fjósið voru Hólhúsin (nr. 18) og vestan og neðan þeirra er Brekkukot, reykkofti sem enn er í notkun þar sem áður var hesthús (nr. 19). Stæðilegur túngarður (nr. 6) er í kringum gamla túnið á köflum að vestan, norðan og á köflum að austan. Innan við hann í norðvesturhorni túnsins eru tóftir Vikuverkshúsa (nr. 7) og skammt sunnan þeirra er Kárasteinn eða Flati – meint leiði landsnámsmannsins Kára Össurarsonar. Gamla heimreiðin (nr. 22) er vel greinileg í túninu, til norðvesturs frá bæ en beygir til norðurs við túngarðinn. Í norðaustur horni túnsins voru kvíarnar (nr. 9) og norðan þeirra tóftir (nr. 10 og 11) og önnur lítil (nr. 12) við suðvesturhorn kvíanna. Sunnan við er Kvíabólskofinn (13), fjárhústóftir. Tvennar fjárhústóftir eru austast í túninu, Stórhús (nr. 14) sem eru talin að hluta frá árinu 1840 og Stórhúskofinn (nr. 15) sunnan þeirra. Norðaustan við túnið eru matjurtagarðar (nr. 23).

Í Tungukoti, rúma 400m norðvestur af Flatatungu, stendur gamli bærinn enn að hluta (nr. 31) en var breytt í fjós og geymslu eftir að hætt var að nota hann. Norðaustur af bænum er matjurtagarður (nr. 39) og í svonefndu Kvíabóli, fjárhús (nr. 38) sem enn eru uppistandandi. Fjárhúsin voru byggð við kvíarnar (nr. 37) sem eftir það voru notaðar sem heytóft. Nokkuð norður af gamla bænum er hesthústóft (nr. 33) og tveir hólar (nr. 35) þar sem stóðu önnur hesthús og annar (nr. 34) sem engin mannvirki sjást þó á. Túngarður (nr. 40) liggur niður af hólnum sem er ofan við bæinn og annað garðlag (nr. 41) liggur norður af sumarhúsinu á Tungukoti. Sunnan við Kotstúnin er hleðsla (nr. 45) á stökum melhól. Tungukotsstekkur (nr. 46) er um 400m suðvestur af Tungukoti og norðan hans fráveituskurður (nr. 47). Í uppbornuðum árfarvegi niður undir vötnum er rétt eða stekkur (nr. 48).

Henglastaðir hét fornbylí syðst í Flatatungulandi, skammt norður af merkjum við Tyrffingsstaði. Þar voru síðar beitarhús en í dag sést aðeins hluti túngarðs að austan (nr. 51). Meðfram Héraðsvötnum milli Flatatungu og Henglastaða eru tvennar stekkjartóftir.

Flatatungustekkur (nr. 53) sunnar en Lágistekkur (nr. 54) í Lágastekkjarmhammi. Nyrst í sama hhammi var kláfur (nr. 55) yfir vötnin yfir í land Lýtingsstaða.

Norðurárdalsmegin í Flatatungu er Grænatóft (nr. 57) fast sunnan við veginn heim að Egilsá. Tungusel var vestast á tungunni milli Sellækjar og Egilsár þar sem núna er fjárhúsbraggi en var áður beitarhús. Minjarnar eru horfnar nema tóft (nr. 62) sem er vestan Sellækjar, leifar túngarðs (nr. 60) og sundlaugar (nr. 61) frá því snemma á 20. öld. Austan við gamla túnið er tóft (nr. 72) á lágum hól, lítill kofi eða heystæði. Þarna erum við á söguslóð en samkvæmt Þórðar sögu hreðu sátu menn Össurar frá Þverá fyrir Þórði og hans mönnum í laut í Selhólunum (nr. 88) að því er talið er skammt norðaustur af selinu. Nefnist þetta svæði Reitur og var þar sögð góð mótekja og eru þar bæði mógrafir (nr. 64) og mótóft (nr. 65). Einnig er þar grjóthlaðið byrgi (nr. 66) og við það hleðsla (nr. 67). Á hólunum eru fleiri grjóthleðslur (nr. 69, 70, 71, 73) lágur sem ýmist eru talin vera vörðubrot og útlit sumra virðist minna á umbúnað heiðinna grafa. Sunnar eða ofar er hrúnið smalabyrgi (nr. 68) við selgöturnar sem liggja fram að Tunguseli á Tungudal. Sú hleðsla minnir líka um nokkuð á útlit heiðinna grafa. Á Tungudal eru þrennar tóftir, beitarhúsatóftir (nr. 87) og tvær eldri seltóftir (nr. 84, 85). Á Dalshæðum eru þrennar tóftir, stórar kvíar (nr. 76) og líklega tvennar seltóftir (nr. 74, 75) aðrar að öllum líkindum byggðar á eldri minjum. Þrennar smávörður (nr. 77-79) eru austur undir Sandinum þar sem hæst ber á milli Fornasels og bæjar. Norðan við Sandinn eru þrennir smáhólar sem nefnast Bræður á tveimur þeirra eru vörður (nr. 81 og 82) og norðvestur af þeim grjóthleðsla (nr. 82) sem svípar í útliti til heiðinnar grafar. Önnur slík hleðsla (nr. 83) er efst á Sandinum, skammt norðan við merki milli Flatatungu og Tyrfingsstaða.

Reiðleiðir eru víða greinilegar í Flatatungulandi og er ágætlega greint frá þeim í örnefnaskrá. Fyrst er hér nefnd reiðleið (nr. 90) sem lá í hlíðinni ofan við Flatatungu og varð síðar akvegur. Hún liggur suður yfir merki við Tyrfingsstaði og norður fyrir taglið og austur hlíðina fram að Tunguseli í Norðurárdal. Þar sem hún liggur yfir svonefnt Sund var grjótblú (nr. 91). Önnur reiðleið (nr. 92) var frá Tungukoti til norðvesturs og austur hlíðina og sameinast leið nr. 90. Þjóðleið (nr. 89) frá Kjálka og yfir í Norðurárdal lá um Heiðarskarð, yfir Sandinn og niður með Egilsá. Reiðleiðir lágu að Flatatungukláfum en sjást aðeins á köflum að norðan (nr. 55). Þrenn vöð voru skráð úr heimildum, syðst Strákavað (nr. 86), næst Teigakotsvað (nr. 95) og nyrst Kláfvað (nr. 94). Gömul reiðleið (nr. 93) lá þar sem nú er á milli túna vestan þjóðvegur fram Kjálka.

Hættumat

Minjar í Flatatungu eru almennt ekki taldar í hættu en þess ber að geta að minjum í nágrenni við tún eða önnur framkvæmdasvæði getur alltaf stafað hætta af hverskonar framkvæmdum.

Fornleifar á Sólheimum

Heildarfjöldi fornleifa á Sólheimum sem skráður var upp úr heimildum og á vettvangi voru 55. Þar af voru 9 minjar sem eru horfnar en unnt var að staðsetja sem tilsögn heimildamanna eða annarra gagna. Þrettán minjar fundust ekki á vettvangi og ekki reyndist unnt að staðsetja þær með viðunandi nákvæmni. Hlutfall horfinna og óstaðsettra minjar er 40%.

Töluvert er eftir í og við gamla túnið á Sólheimum. Gamli bærinn á Sólheimum (nr. 1) stóð fram til ársins 2004 en þá var hann jafnaður við jörðu. Norðan við gamla bæjarstaðið er upphlaðin lind, Fjóslindin (nr. 3), með volgu vatni þar sem kúnum var brynnt allt árið um kring. Fjósið sjálft er horfið og tvær steinsteypur þær einu ummerki þess á yfirborði. Nokkuð norðaustur af Fjóslindinni er lítill tóft (nr. 9) en hlutverk hennar óþekkt. Tóft, mögulega

kvíatóft (nr. 8) er norðvestur af gamla bæjarstæðinu, austur undir elsta akveginum í Blönduhlíð og svólítið sunnan hennar er niðurgroftur (nr. 10) á skurðbakka. Upp með Sólheimalæk að norðan eru, sitthvoru megin gamla þjóðvegjarins tóft (nr. 12) og matjurtagarður (nr. 11) og eru þá taldar minjar norðan bæjarlækjar. Á suðurbakka lækjarins er fjárhústóft (nr. 13) og austan hennar ógreinileg tóft (nr. 14). Utan við jaðar gamla túnsins er stór rétt (nr. 17) og innan hennar veggjaleifar/tóft (nr. 18). Við norðurhorn réttarinnar er fjárhústóft (nr. 15) og suðaustur af réttinni önnur illgreinanleg tóft (nr. 41). Réttin er byggð upp við túngarðinn (nr. 19) sem liggur til suðvesturs og sunnan eða innan hans er tvískipt tóft (nr. 21). Innan túnsins voru líka skráð þrenn svæði (nr. 20, 22 og 23) þar sem líkindi eru til þess að hafi verið minjar sem nú eru horfnar af yfirborði. Gamla heimreiðin (nr. 42) lá á líkindum til norðausturs frá bænum.

Í austur frá gamla túninu er stekkur (nr. 28) í laut sem nefnd er Grænalaut og suðaustur af túninu mógrafir (nr. 27) og við þær tvennar (nr. 25 og 26) tóftir og virðist að minnsta kosti önnur þeirra vera greinilega mótóft. Suðaustur af túninu er einnig Hádegishóll og á honum varða (nr. 29) og önnur varða (nr. 30) er á stórgryttum melhóli um 480m austsuðaustur af gamla túninu. Nokkuð er af minjum í fjallinu ofan bæjar ofan við svonefnd Björg og stendur Sólheimavarða (nr. 36) fram á þeim og sunnan við hana er Ytri-Sneiðingur (nr. 35) sem liggur niður Björgin og sunnar er Syðri-Sneiðingur (nr. 34). Uppi á Brúnum eru Efri-Fjallhús, þrennar tóftir, beitarhús (nr. 37), smalakofi (nr. 38) og mögulega kvíatóft (nr. 39). Kvíatóftin bendir til að þarna gæti hafa verið selstaða á einhverjum tíma og mögulega eru beitarhúsin byggð á seltóftum en engar heimildir geta sels á þessum slóðum. Neðan undir Björgunum eru Fjallhús, beitarhús (nr. 32) umlukin á nær alla kanta af garðlagi (nr. 33). Aðeins fannst þessi eina tóft innan garðsins og óvíst hvort þarna hafi verið lítið kot til forna eða einhvers konar afgirt nytjaeining – gerði-. Stekkjartóft (nr. 31) er suður undir svonefndum Stekkjarási, norður af Sólheimalæk tæpa 605m austnorðaustur af gamla bæjarstæðinu. Norður við merkin milli Miðsitju og Sólheima er merkjavarða (nr. 40) á Vörðumel eða Vörðuás.

Hættumat

Minjar á Sólheimum eru almennt ekki taldar í hættu nema tóft sem skráð er nr. 12 en hún hefur þegar orðið fyrir raski vegna girðingaframkvæmda. Þess ber að geta að minjum í nágrenni við tún eða önnur framkvæmdasvæði getur alltaf stafað hættu af hverskonar framkvæmdum.

Áhugaverðar minjar til rannsókna eða kynningar

Í Flatatungu

- Þótt bærinn í Flatatungu sé horfinn er gamla túnið með voldugum túngarði (nr. 6) og fjölda heillegra minja áhugaverð heimild um byggingar og búhætti á 19. og 20.öld (má m.a. nefna nr. 2, 13, 14, 15, 18 og 19).
- Selstaða hefur verið á að minnsta kosti þremur stöðum í Flatatungulandi, í Tunguseli á Tungudal (nr. 85 og 84), Tunguseli við Sellæk (nr. 58) og Fornaseli á Dalshæðum (nr. 74-76), og væri verðugt rannsóknarefni að aldursgreina minjarnar á seljunum og fá þannig heildstæða mynd í tíma af seljabúskap á jörðinni.
- Nokkrar hleðslur eru í Flatatungulandi sem minna í útliti á heiðnar grafir (sjá t.d. nr. 82, 83 og 68) og væru viðbót við aðra slíka staði í Skagafirði ef farið væri í að

rannsaka kumlastaði í sveitarfélögunum tveimur eða heildstæðari rannsókn á landsvísu.

Á Sólheimum

- Áhugavert væri að aldursgreina minjar nr. 18 sem eru inn í rétt (nr. 17) sem liggur utanvið túngarðleifarnar (nr. 19) á Sólheimum en talið er að þetta geti verið leifar fornrar réttar.
- Staðsetning bæjar á Litlu-Sólheimum er ekki nákvæmlega þekkt en með lítilli fyrirhöfn mætti gera fornleifarannsókn með kjarnabor til þess að reyna að staðsetja býlið.
- Á Fjallhúsum (nr. 32.33) er túngarður og beitarhúsatóft sem stendur á eldri minjum. Óvíst er hvort þarna hafi verið smábýli á einhverjum tíma eða afgirt nytjaeining og því væri vert að rannsaka aldur og jafnfram hlutverk minjanna með fornleifarannsókn.

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers*. Lund University: Lund.
Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi. Akrahreppur. Hjalti Pálsson (ritstj.) Sögufélag Skagfirðinga, 2005.

Íslendinga sögur I. bindi. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan: Reykjavík, 1946.

Íslenzkt Fornbréfasafn II 1253-1350. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenzkt Fornbréfasafn III 1269-1415. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1896.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VIII. Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn, 1930.

Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr Búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Útgefandi: J.Johnsen: Kaupmannahöfn, 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland samin eptir tilskipun 27. maí mánuðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Jarðabókaútgáfan: Kaupmannahöfn, 1861.

Sturlunga saga I. Jón Jóhannesson ofl. sáu um útgáfu. Sturlungaútgáfan: Reykjavík, 1946.

Heimasíður

Gagnasafns Morgunblaðsins. Viðtal við Hörð Ágústsson (07.12.89).
http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=41793). Skoðuð þann 17.02.2011.

Heimasíða Snerpu. <http://www.snerpa.is/net/isl/hredu.htm>. Skoðuð þann 17. 02.2011.

Heimasíða Þjóðskrár Íslands.

<http://www.fast eignaskra.is/Pages/1000?heitnr=1055612&landnr=146279&streetname=Flata tunga+&sveitarfelag=Akrahreppur>. Skoðuð þann 12.01.11.

Óprentaðar heimildir

Túnakort – Flatatunga í Akrahreppi, dags. 22.3.1919, Guðmundur Sveinsson.

Túnakort – Sólheimar í Akrahreppi, dags. 26.2.1919, Guðmundur Sveinsson.

ÖFH – *Sólheimar*, Friðrik Hallgrímsson skráði, 1978. Örnefnastofnun Íslands: Reykjavík.

ÖGO – *Flatatunga og Tungukot*, Gunnar Oddsson skráði, [ártal vantar]. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

ÖMJ – *Flatatunga*, Margeir Jónsson skráði eftir Jósepi Jósepssyni, 1940. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

ÖRI – *Sólheimar og Litlu-Sólheimar*. Rósmundur G. Ingvarsson skráði, 2004.

Heimildamenn

Einar Gunnarsson (f. 1966).

Gunnar Oddsson (f. 1934).

Kári Gunnarsson (f. 1968).

Sigurður Hansen (f. 1939).

Fylgiskjöl

Flatatunga hnitaskrá

Nr.	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Vegna	Hættumat	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
1	12945	Bæjarstæði	Garðlag		Híbyli		800	1900	Sést ekki	Niðurrifs		0,0	0,0	492744,43	546460,99
2	12946		Tóft		Fjós		1800	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	1,0	1,8	492761,19	546404,13
3	12947	Réttin	Heimild		Rétt		1800	1900	Sést ekki	Niðurrifs		0,0	0,0	492750,00	546446,29
4	12948		Heimild		Hesthús		1800	1900	Sést ekki	Niðurrifs		0,0	0,0	492751,62	546438,45
5	12949		Heimild		Smiðja		800	1900	Sést ekki	Niðurrifs		0,0	0,0	492732,44	546472,21
6	12950		Garðlag		Túngarður		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	1,3	492475,99	546442,41
7	12951	Vikuverkshús	Tóft		Fjánhús		1850	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	1,0	492490,84	546548,09
8	12952	Harðstakkshús	Heimild		Fjánhús		1800	1950	Sést ekki	Bygginga		0,0	0,0	492622,67	546619,64
9	12953		Tóft		Kvíar		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,2	0,6	492795,67	546548,09
10	12954		Tóft		Óþekkt		800	1800	Illgreinanleg		Engin hætta	0,0	0,3	492789,46	546555,96
11	12955		Tóft		Kofi		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,4	1,1	492786,13	546563,05
12	12956		Tóft		Óþekkt		800	1800	Illgreinanleg		Engin hætta	0,1	0,2	492788,23	546540,15
13	12957	Kvíabólskofinn	Tóft		Fjánhús		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	2,0	492784,04	546522,85
14	12958	Stórhús	Tóft		Fjánhús		1840	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,4	2,5	492823,95	546432,39
15	12959	Stórhúskofi	Tóft		Fjánhús		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,6	492832,31	546419,99
16	12960	Efrahús	Heimild		Fjánhús		1800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	492806,59	546372,35
17	12961		Heimild		Óþekkt		800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	492798,35	546359,50
18	12962	Hólhús	Tóft		Fjánhús		1850	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	8,0	492772,59	546361,41
19	12963	Brekkukot	Tóft	Hús	Hesthús	Reykkofi	1850	1980	Heillegar		Engin hætta	0,1	1,8	492697,45	546324,61
20	12964		Heimild		Hesthús		1800	1900	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,0	492546,14	546375,53
21	12965		Heimild		Sauðahús		1800	1900	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,0	492503,37	546426,15
22	12966		Gata		Heimreið		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	492666,57	546541,66
23	12967		Heimild		Brunnur		800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	492733,85	546368,02
24	12968		Garðlag		Matjurtagarður		1800	1950	Greinanleg		Engin hætta	0,3	1,0	492878,82	546626,53
25	12969	Ullarhóll	Hóll		Þurkkvöllur		800	1900	Heillegar		Engin hætta	0,0	0,0	492907,84	546512,27
26	12970		Niður-gröftur		Óþekkt	Mógröf	800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,5	1,0	492466,98	546520,35
27	12971	Kárasteinn/ Flati	Náttúru-minjar		Þjóðtrú	Legastaður	800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	492496,36	546513,96
28	12972		Heimild		Öskuhóll		800	1900	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,0	492786,19	546442,09
29	12973		Heimild		Öskuhóll		800	1900	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,0	492739,28	546408,71

Flatatunga hnitaskrá

Nr.	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Vegna	Hættumat	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
30	12974	Hádegis-varða	Varða		Eyktarmark		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,3	492997,68	546190,43
31	12975	Tungukot	Tóft		Híbyli	Hús	1850	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	2,0	492258,39	546969,35
32	12976	Tungukot	Tóft		Fjós	Hús	1850	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	2,0	492265,47	546977,61
33	12977	Tungukot	Tóft		Hesthús		1850	1950	Vel greinanleg		Engin hætta	0,6	1,6	492203,73	547052,51
34	12978	Tungukot	Hóll		Óþekkt		800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	492227,49	547064,60
35	12979	Tungukot	Hóll		Hesthús		1800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	492256,28	547067,15
36	12980	Hólhús	Heimild		Fjánhús		1800	1900	Sést ekki	Bygginga		0,0	0,0	492272,82	547021,35
37	12981	Tungukot	Tóft	Hús	Kvíar		1800	1950	Heillegar		Engin hætta	1,0	1,2	492365,40	547031,11
38	12982	Kvíhús	Tóft	Hús	Fjánhús		1800	1950	Heillegar		Engin hætta	1,0	1,2	492359,57	547027,87
39	12983	Tungukot	Garðlag		Matjurtagarður		1900	0	Vel greinanleg		Engin hætta	0,4	1,1	492331,39	547016,49
40	12984	Tungukot	Garðlag		Túngarður		800	1800	Greinanleg		Engin hætta	0,4	0,8	492278,02	547075,43
41	12985	Tungukot	Garðlag		Óþekkt		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	2,0	1,0	492238,39	547056,82
42	12986	Tungukot	Vegslóði		Heimreið		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	492312,51	546968,03
43	12987	Tungukot	Heimild		Vatnsból		800	1900	Sést ekki	Ræktunar		0,0	0,0	492198,00	547010,38
44	12988	Tungukot	Heimild		Vatnsból		800	1900	Sést ekki	Ræktunar		0,0	0,0	492182,14	546973,18
45	12989		Hleðsla		Óþekkt		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,2	0,3	492086,18	546699,25
46	12990	Tungukots-stekkur	Tóft		Stekkur		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,2	0,6	491864,14	547300,37
47	12991		Niður-gröftur		Fráveita		1800	1950	Greinanleg		Engin hætta	0,2	0,4	491857,50	547382,07
48	12992		Tóft		Óþekkt	Rétt, stekkur	1500	1850	Greinanleg		Engin hætta	0,3	0,8	491444,89	547419,14
49	12993	Henglastaðir	Heimild		Híbyli		800	1900	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,0	493425,25	544695,38
50	12994	Henglastaðir	Heimild		Beitarhús		800	1900	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,0	493423,73	544698,61
51	12995	Henglastaðir	Garðlag		Túngarður		1500	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,6	493438,12	544709,23
52	12996	Henglastaðir	Heimild		Öskuhóll		800	1900	Sést ekki	Sléttunar		0,0	0,0	493418,55	544694,34
53	12997	Tungu-stekkur	Tóft		Stekkur		1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,3	0,5	492448,87	545192,53
54	12998	Lágistekkur	Tóft		Stekkur		1750	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,5	0,8	491805,35	545868,84
55	12999	Flatatungu-kláfur	Heimild		Samgöngubót		1879	1929	Sést ekki	Framkvæmda		0,0	0,0	491519,90	546253,37
56	13000		Götur		Leið		800	1930	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,0	491531,66	546360,22
57	13001	Grænatóft	Tóft		Óþekkt	Stekkur	1800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,3	0,8	493453,79	547592,02


Flatatunga hnitaskrá

Nr.	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Vegna	Hættumat	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
58	13002	Tungusel/ Flatatungusel	Heimild		Sel		800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	494611,56	547035,38
59	13003	Tungusel	Heimild		Beitarhús	Rétt	800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	494611,56	547040,16
60	13004	Tungusel	Garðlag		Túngarður		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,5	494640,92	547081,20
61	13005		Garðlag		Óþekkt	Stífla	1916	1918	Greinanleg		Engin hætta	0,0	5,0	494636,06	547100,02
62	13006	Tungusel	Tóft		Óþekkt	Kvía skv. HP	1750	1950	Greinanleg		Engin hætta	0,3	0,5	494575,39	547004,74
63	13007	Tungusel	Heimild		Kofi		800	1900	Sést ekki	Ekki vitað		0,0	0,0	494583,76	547026,91
64	13008		Niður- gröftur		Mógröf		1750	1950	Greinanleg		Engin hætta	0,5	1,0	495033,42	546987,16
65	13009		Þúst		Mótóft		1700	1900	Illgreinanleg		Engin hætta	0,4	0,5	495012,69	547002,17
66	13010		Hleðsla		Byrgi		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,2	494952,21	547110,71
67	13011		Hleðsla		Óþekkt	Vörðubrot/kuml?	800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,1	0,2	494951,14	547111,75
68	13012		Hleðsla		Byrgi	Kuml	800	1900	Illgreinanleg		Engin hætta	0,0	0,1	495049,43	546742,85
69	13013		Hleðsla		Óþekkt	Varða/kuml?	800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,3	494919,55	546984,41
70	13014		Hleðsla		Óþekkt	Vörðubrot	800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,1	494949,16	546970,09
71	13015		Hleðsla		Óþekkt	Vörðubrot/kuml?	800	1900	Illgreinanleg		Engin hætta	0,0	0,1	494995,59	546951,53
72	13016		Tóft		Óþekkt	Heystæði, kofi	1700	1900	Greinanleg		Engin hætta	1,0	3,0	494681,66	547016,15
73	13017		Hleðsla		Óþekkt	Vörðubrot/kuml?	800	1800	Greinanleg		Engin hætta	0,2	0,3	494750,60	547079,11
74	13018	Fornasel	Tóft		Sel		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,2	0,6	494882,26	546155,25
75	13019	Fornasel	Tóft		Sel		1500	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,2	0,7	494869,26	546129,29
76	13020	Fornasel	Tóft		Kvía		1500	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,8	494882,72	546120,00
77	13021		Varða		Óþekkt		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,3	0,3	494513,87	545982,30
78	13022		Varða		Óþekkt		800	1900	Greinanleg		Engin hætta	0,0	0,3	494374,86	545903,90
79	13023		Varða		Óþekkt		800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	1,0	5,0	494164,81	545927,32
80	13024	Bræður	Varða		Óþekkt	Kennimark	800	1900	Heilleg		Engin hætta	0,5	0,7	493564,03	546761,82
81	13025	Bræður	Varða		Óþekkt	Kennimark	800	1900	Heilleg		Engin hætta	0,0	1,2	493513,18	546820,77
82	13026		Varða		Óþekkt	Kennimark	800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,1	0,3	493360,50	546899,20
83	13027		Steina- lögn		Óþekkt	Kuml	800	1900	Vel greinanleg		Engin hætta	0,0	0,2	494357,91	545403,68
84	13028	Tungusel á Tungudal	Tóft		Sel		800	1700	Greinanleg		Engin hætta	0,3	0,5	496838,78	545495,76

Flatatunga hnitaskrá

Nr.	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Vegna	Hættumat	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
85	13029	Tungusel á Tungudal	Tóft		Sel		800	1700	Greinanleg		Engin hættu	0,3	0,6	496829,60	545504,93
86	13030	Strákavað	Heimild		Vað		800	1900	Ómetið			0,0	0,0	493106,50	544273,60
87	13031	Tungusel á Tungudal	Tóft		Beitarhús		1750	1900	Vel greinanleg		Engin hættu	0,5	1,1	496818,81	545439,69
88	13032		Frásögn		Sögustaður	Bardagi	800	1900	Ómetið		Engin hættu	0,0	0,0	494689,01	547168,46
89	13033		Gata		Leið		800	1900	Greinanleg		Ómetið	0,0	0,0	494284,43	545325,13
90	13034		Gata		Leið		800	1900	Vel greinanleg		Ómetið	0,0	0,0	492984,48	546122,64
91	13035	Brúarsund	Hleðsla	Heimild	Samgöngubót	Brú	1800	1900	Illgreinanleg		Engin hættu	0,0	0,0	492735,09	546894,24
92	13036		Gata		Leið		800	1900	Greinanleg		Ómetið	0,0	0,0	492649,50	547336,28
93	13037	Vagnbraut	Gata		Leið		800	1900	Ómetið		Engin hættu	0,0	0,0	491927,09	546433,47
94	13038	Kláfvað	Heimild		Vað		800	1900	Ómetið			0,0	0,0	491590,15	546127,24
95	13039	Teigakotsvað	Heimild		Vað		800	1900	Ómetið			0,0	0,0	492304,80	545165,40

Flatatunga-yfirlitsmynd



N



Sólheimar hnitaskrá

Nr.	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Vegna	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
1	13040	Sólheimar	Heimild		Híbyli		800	1922	Sést ekki	Niðurrifs			0,0	0,0	487451,94	554393,32
2	13041		Heimild		Fjós		800	1900	Sést ekki	Niðurrifs			0,0	0,0	487424,33	554474,15
3	13042	Fjóslandin/Lindin	Lind		Vatnsból	Álagablettur	800	0	Heillegar		Engin hætta		0,0	0,0	487426,59	554487,19
4	13043		Heimild		Skemma		800	1900	Sést ekki	Bygginga			0,0	0,0	487444,88	554402,23
5	13044		Heimild		Skemma		800	1900	Sést ekki	Bygginga			0,0	0,0	487443,62	554406,35
6	13045		Heimild		Hesthús		800	1900	Sést ekki	Bygginga			0,0	0,0	487444,02	554418,14
7	13046		Heimild		Fjánhús		800	1900	Sést ekki	Ekki vitað			0,0	0,0	487503,98	554488,02
8	13047		Tóft		Óþekkt	Kofi/kvíar	1750	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,1	0,4	487531,34	554519,39
9	13048		Tóft		Óþekkt	Móbyrgi/ Taðhraukur	1750	1950	Illgreinanleg		Engin hætta		0,1	0,3	487446,01	554542,82
10	13049		Niðurgröftur		Óþekkt		800	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,2	0,3	487522,92	554445,81
11	13050		Garðlag		Matjurta- garður		1700	1900	Illgreinanleg		Engin hætta		0,2	0,5	487649,19	554428,67
12	13051		Tóft		Óþekkt		1700	1900	Greinanleg		Hætta	Rasks	0,3	0,5	487615,26	554408,99
13	13052		Tóft		Fjánhús		800	1900	Illgreinanleg	Sléttunar			0,1	0,2	487552,57	554375,66
14	13053		Tóft		Óþekkt		800	1900	Illgreinanleg	Sléttunar			0,1	0,3	487579,99	554367,52
15	13054		Tóft		Fjánhús		1800	1950	Vel greinanleg		Engin hætta		0,2	0,4	487544,13	554303,15
16	13055		Heimild		Fjánhús	Hesthús	800	1900	Sést ekki	Ekki vitað			0,0	0,0	487580,20	554315,09
17	13056		Garðlag		Rétt		800	1900	Greinanleg				0,3	0,7	487538,27	554292,48
18	13057		Garðlag	Tóft	Óþekkt		800	1900	Greinanleg		Engin hæta		0,0	0,3	487534,87	554275,02
19	13058		Garðlag		Túngarður		800	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,3	0,7	487497,26	554246,51
20	13059		Hóll		Óþekkt		800	1900	Illgreinanleg	Ekki vitað			0,0	0,0	487519,98	554340,63
21	13060		Tóft		Óþekkt		1600	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,2	0,5	487482,48	554238,28
22	13061		Hóll		Óþekkt		800	1900	Sést ekki	Rættunar			0,0	0,0	487461,10	554267,44
23	13062		Mannvistar- leifar		Óþekkt		800	1900	Illgreinanleg	Ekki vitað			0,0	0,0	487501,88	554265,97
24	13063		Heimild		Óþekkt		800	1900	Sést ekki	Ekki vitað			0,0	0,0	487409,87	554260,61
25	13064		Tóft		Óþekkt	Stekkur?	1750	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,6	1,0	487842,33	554040,94
26	13065		Tóft		Mótóft		1700	1900	Illgreinanleg		Engin hætta		0,2	0,4	487845,18	554034,89
27	13066		Niðurgröftur		Mógröf		1500	1900	Greinanleg		Engin hætta		0,2	1,3	487838,07	554016,96
28	13067		Tóft		Stekkur		1600	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,4	0,7	487892,83	554350,94
29	13068	Hádegishóll	Varða		Eyktarmark		1700	1900	Vel greinanleg		Engin hætta		0,6	1,3	487719,34	554075,48

Sólheimar hnitaskrá

Nr.	Fvnr	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Horfin vegna	Hættumat	Vegna	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
30	13069		Varða		Óþekkt		1700	1900	heillegar		Engin hættu		0,8	1,0	488055,48	554211,23
31	13070	Stekkjarás	Tóft		Stekkur		1800	1900	Vel greinanleg		Engin hættu		0,1	0,4	488092,11	554504,05
32	13071	Fjallhús	Tóft		Beitarhús		1800	1950	Vel greinanleg		Engin hættu		0,2	0,4	488458,99	554630,36
33	13072	Fjallhús	Garðlag		Túngarður		1500	1900	Greinanleg		Engin hættu		0,3	0,8	488443,21	554599,74
34	13073	Syðri-Sneiðingur	Gata		Leið		800	1900	Vel greinanleg		Engin hættu		0,0	0,0	488663,52	554174,57
35	13074	Ytri-Sneiðingur	Gata		Leið		800	1900	Vel greinanleg		Engin hættu		0,0	0,0	488677,65	554394,35
36	13075	Sólheima - varða	Varða		Óþekkt		1800	1900	Heillegar		Engin hættu		1,7	1,7	488742,89	554426,74
37	13076	Efri-Fjallhús	Tóft		Beitarhús	Sel	800	1900	Greinanleg		Engin hættu		0,3	0,5	488872,45	554337,57
38	13077	Efri-Fjallhús	Tóft		Óþekkt	Smalabyrgi?	1850	1950	Greinanleg		Engin hættu		0,1	0,3	488869,26	554336,24
39	13078	Efri-Fjallhús	Tóft		Óþekkt	Kvíar?	1600	1900	Greinanleg		Engin hættu		0,5	0,7	488855,91	554319,60
40	13079	Vörðumelur/Vörðuás	Varða		Landamerki		800	1900	Vel greinanleg		Engin hættu		0,0	0,7	488144,93	554836,36
41	13080		Tóft		Óþekkt		1500	1850	Illgreinanleg		Engin hættu		0,1	0,3	487576,69	554260,20
42	13081		Vegslóði		Heimreið		800	1950	Vel greinanleg		Engin hættu		0,0	0,0	487472,83	554480,59

Yfirlitsmynd Sóheimar

